



Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Fólksflutningar og þjóðernishyggja í Bandaríkjunum

Alt-right hreyfingin og orðræða hennar varðandi fólksflutninga

Snorri Hjálmarsson

Júní 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRNMÁLAFRÆÐIDEILD

Fólksflutningar og þjóðernishyggja í Bandaríkjunum
Alt-right hreyfingin og orðræða hennar varðandi fólksflutninga

Snorri Hjálmarsson

Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Janúar 2018

Fólksflutningar og þjóðernishyggja í Bandaríkjunum: Alt-right
hreyfingin og orðræða hennar varðandi fólksflutninga

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Snorri Hjálmarsson, 2018
kt. 0510932599

Reykjavík, Ísland, 2018

Útdráttur

Hér birtist lokaritgerð til BA-gráðu við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Þetta er heimildaritgerð og markmið hennar er að svara spurningunni hvernig fólksflutningar birtast í orðræðu *alt-right* hreyfingarinnar í Bandaríkjunum, hverjar forsendur þeirrar orðræðu eru og hvernig slík orðræða ýtir undir sundrunu í samfélaginu. Fyrst er fjallað um hugtakið verufræðilegt öryggi og tengingu þess við fólksflutninga. Þar á eftir er skoðað samband fólksflutninga og vaxandi þjóðernishyggju í heiminum og eru skoðaðir þrjú tilteknir minnihlutahópar í Bandaríkjunum sem hafa átt undir högg að sækja undanfarið. Síðan eru skoðaðar mismunandi skilgreiningar á hugtökunum kynþáttur, þjóð og þjóðernishyggja og fjallað um samband þessara hugtaka við fólksflutninga. Í næsta kafla er orðræða *alt-right* hreyfingarinnar skoðuð í samhengi við fólksflutninga. Farið er yfir uppruna, hugmyndafræði og stefnumál hreyfingarinnar, þróun hennar í tengslum við kjör Donalds Trumps sem Bandaríkjaforseta ásamt ýmsum stefnumálum hans þegar kemur að innflytjendum. Í lok þess kafla er svo litið á atburði og afleiðingar Charlottesville mótmælanna í ágúst 2017. Orðræða *alt-right* varðandi fólksflutninga er síðan sett í samhengi við fræðilega umfjöllun í upphafi ritgerðar.

Formáli

Eftirfarandi er lokaverkefni til BA-gráðu við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin markar lok þriggja ára náms sem ljúka mun í júní 2018. Umfang ritgerðarinnar er metið til 12ECTS eininga af 180ECTS eininga grunnnámi. Leiðbeinandi ritgerðarinnar er Silja Bára Ómarsdóttir og vil ég þakka henni fyrir mikinn stuðning og góða leiðsögn. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir allan þann stuðning og aðstoð sem þau hafa veitt mér í gegnum árin.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
1 Inngangur	6
2 Fólksflutningar, kynþættir og þjóðernishyggja	8
2.1 Verufræðilegt öryggi	8
2.2 Fólksflutningar og vaxandi áhrif þjóðernishyggju.....	9
2.3 Donald Trump og innflytjendur í Bandaríkjunum	10
2.3.1 Fólk af afrískum uppruna	11
2.3.2 Fólk af suður-amerískum uppruna	11
2.3.3 Fólk af mið-austurlenskum uppruna	13
2.4 Áhrif kynþátta og aðgreining hópa	14
2.5 Kynþættir: raunverulegir eða ímyndaðir	15
2.6 Þjóð og þjóðernishyggja.....	16
2.7 Hvít þjóðernishyggja	19
3 Alt-right	21
3.1 Fjölgun innflytjenda síðan 1960.....	21
3.2 Uppruni	22
3.3 Hugmyndafræði	23
3.4 Kjör Donalds Trumps.....	24
3.5 Stefnumál Donalds Trumps.....	24
3.6 Charlottesville	26
3.7 Donald Trump og áhrif Charlottesville.....	29
4 Umræða	31
5 Lokaorð	36
Heimildaskrá	38

1 Inngangur

Bandaríkin eru í dag eitt fjölbreyttasta samfélag heims. Þau eru fjölþjóðlegt ríki, samansett af fólki af mörgum mismunandi þjóðernishópum, menningarheimum og ólíkum sögulegum uppruna. Þetta er land innflytjenda en frumbyggjar landsins eru aðeins fámennur minnihlutahópur í samfélagi nútímans. Sá fjölbreytileiki sem einkennir Bandaríkin í dag var þó ekki alltaf til staðar. Innflutnings- og ríkisfangs-lögin frá 1965 stuðluðu að breyttri samsetningu bandarísku þjóðarinnar. Fyrir sjöunda áratuginn voru flestir innflytjendur í Bandaríkjunum af evrópskum uppruna. Þessu var vísvitandi viðhaldið með kvótum og takmörkunum á því hver mátti flytja til landsins. Lögin fjarlægðu þessar takmarkanir og opnuðu landið fyrir fjölbreyttari hópi innflytjenda meðal annars frá Afríku, Asíu og Rómönsku Ameríku. Þetta voru í raun tímamót í sögu Bandaríkjanna. Með þessum lögum breytti Lyndon B. Johnson þáverandi forseti lýðfræðilegu landslagi landsins og setti kúrsinn fyrir þann fjölbreytileika sem einkennir það í dag.¹

Bandaríkin eiga sér langa sögu átaka milli mismunandi hópa. Ein orsök slíkra átaka er þegar þjóðernisleg sjálfsmynd fólks sem býr saman er ólík og stangast á. Sjálfsmynd fólks breytist hægt en hvers konar ógn við hana getur valdið óöryggi, kvíða og óstöðugleika. Fólksflutningar, sérlega koma fólks frá framandi slóðum að mati innfæddra, geta kallað fram neikvæð viðbrögð vegna þess að innfæddum finnst sjálfsmynd sinni vera ógnað. Slík viðbrögð eiga sér margar birtingarmyndir en ein þeirra er aukinn stuðningur við hópa sem byggja orðræðu sína á þjóðernishyggju og kynþáttahatri.

Einn slíkur hópur er *Alternative Right* eða *alt-right* hreyfingin. *Alt-right* er í dag alþjóðleg hreyfing sem byggir á hugmyndafræði hvítrar þjóðernishyggju. Hvít þjóðernishyggja sameinar hugmyndir um kynþætti og þjóðir og prédikar að hinn hvíti kynþáttur sé æðri en aðrir. *Alt-right* er samansett af ýmsum hópum og einstaklingum en miðpunktur hreyfingarinnar um þessar mundir eru stuðningsmenn Donalds Trumps, núverandi Bandaríkjaforseta. *Alt-right* hefur, síðan samtökin voru mynduð í kringum árið 2008, staðið gegn hvers konar fólksflutningum til Bandaríkjanna. Stefnumál ríkisstjórnar Trumps varðandi innflytjendamál endurspeglar að vissu leyti það sjónarmið *alt-right*.

¹ Daniel Tichenor, „The historical Presidency: Lyndon Johnson’s Ambivalent Reform: The Immigration and Nationality Act of 1965,” *Presidential Studies Quarterly* 46, nr 3 (2016): 691, sótt 28. október 2017, doi: 10.1111/psq.12300

Hreyfingin færir ýmis rök fyrir því hvers vegna fólksflutningar eru slæmir fyrir landið og hvernig *alt-right* hefur notað fólksflutninga í orðræðu sinni er vert að skoða. Svarað verður hér spurningunni hvernig fólksflutningar birtast í orðræðu *alt-right*, hverjar forsendur þeirrar orðræðu eru og hvernig slík orðræða ýtir undir sundrunu í samfélaginu. Til að svara þessari spurningu verður byrjað á fræðilegri umfjöllun um fólksflutninga, kynþætti og þjóðernishyggju í Bandaríkjunum. Síðan verður fjallað um sögu *alt-right*, skoðanir þeirra og markmið og gerð grein fyrir forsendum stefnu hreyfingarinnar varðandi fólksflutninga. Þar á eftir verður þetta tvennt sett í fræðilegt samhengi þar sem beitt er kenningum til að sýna hvað liggur að baki orðræðu *alt-right* um fólksflutninga.

2 Fólksflutningar, kynþættir og þjóðernishyggja

2.1 Verufræðilegt öryggi

Sagan hefur sýnt það að sá fjölbreytileiki sem einkennir Bandaríkin bíður upp á átök milli hópa. Spenna milli mismunandi þjóðernishópa og fólks af ólíkum kynþáttum hefur lengi vel mengað bandarískt samfélag og skapað ágreining og sundrunu. Öryggi fólks og ástvina þess skiptir það mjög miklu máli. Verufræðilegt öryggi er hugtak sem skilgreint er af Anthony Giddens sem öryggi í huglægum skilningi. Allir þátttakendur í mannlegu lífi þurfa ákveðinn stöðugleika til að viðhalda sjálfsmynd sinni og tilvera einstaklinga er menguð af undirliggjandi ótta og kvíða.²

Fólk finnur fyrir mestu öryggi þegar sjálfsmynd þess er ekki ógnað og er studd af samskiptum þess við aðra. Þegar samböndum fólks við aðra og skilningur þess á tilveru sinni í heiminum er raskað þá er verufræðilegu öryggi þess ógnað. Ef slíkt gerist fylgir oft kvíði og ótti, sem brýst út í ofbeldi. Þörfin fyrir örugga og sterka sjálfsmynd er öflug í samfélaginu.³ Sjálfsmynd fólks breytist einmitt hægt og hvers konar ógn við hana getur valdið ofbeldi og átökum í samfélaginu. Fólksflutningar eru hluti af alþjóðavæðingu heimsins en miklir fólksflutningar geta einmitt valdið kvíða og ótta í hugum íbúa ríkis.⁴ Huglægu öryggi fólks er ógnað og viðbrögðin geta verið hatr og jafnvel ofbeldi í garð þeirra sem taldir eru ógna stöðugleika sjálfsmyndarinnar, til dæmis innflytjenda.

Öryggi í þessum skilningi hefur ekki einungis með líkamlegt öryggi fólks að gera. Íbúar ríkis myndu ekki í öllum tilvikum gera ráð fyrir því að innflytjendur ætli að valda þeim líkamlegum skaða. Þetta hefur meira að gera með stöðu fólks í samfélaginu, uppbyggingu sjálfsmynda og viðbrögð gagnvart hverskonar ógn. Verufræðilegt óöryggi snýst um klofning í samfélaginu samkvæmt fræðimönnum eins og Catarina Kinnvall og Stuart Croft.⁵ Einstaklingar sem upplifa slíkt óöryggi finna fyrir vaxandi óstöðugleika og missi á stöðu sinni í samfélaginu. Erfiðara og erfiðara er fyrir þá að svara spurningunni „hver er minn staður í tilverunni?“ Oft má finna orsakasamhengi á milli slíkrar þróunar og vaxandi áhrifa

² Catarina Kinnvall og Jennifer Mitzen, „An Introduction to the Special Issue: Ontological Secularities in World Politics,“ *Cooperation and Conflict* 52, nr. 1 (2017): 4, sótt 1. nóvember 2017, doi: 10.1177/0010836716653162

³ Kinnvall og Mitzen, 4.

⁴ Kinnvall og Mitzen, 5.

⁵ Kinnvall og Mitzen, 7.

alþjóðavæðingar og nýfrjálslyndisstefnu í alþjóðasamskiptum,⁶ í þeim skilningi að heimurinn sé að verða samheldnari og ríki séu háðari hvert öðru, þá sérstaklega hagkerfi ríkja.⁷ Mikilvægt er fyrir fólk að viðhalda stöðugri sjálfsmynd og í mörgum tilvikum sækir það hana í orðræðu þjóðernishyggju.⁸ Slík orðræða getur ýtt undir þann ótta sem er nú þegar til staðar í hugum fólks. Þá sérstaklega í sambandi við fólksflutninga, minnihlutahópa og fólk af öðrum kynþáttum.

2.2 Fólksflutningar og vaxandi áhrif þjóðernishyggju

Mikill fjöldi innflytjenda til tiltekins ríkis getur valdið neikvæðum viðbrögðum þeirra sem þar búa. Samkvæmt rannsókn sem gerð var árið 2017 geta hraðar breytingar á fólksfjölda og mikill straumur innflytjenda valdið vaxandi mótstöðu gagnvart fólksflutningum. Innan Evrópusambandsins hefur aukið fylgi þjóðernissinnaðra flokka sem mótfallnir eru fólksflutningum verið í nokkru samræmi við aukinn fjölda innflytjenda.⁹ Í löndum eins og Frakklandi, Þýskalandi og Ungverjalandi hafa öfl frá hægri hlið stjórnmalanna sem standa gegn fólksflutningum náð auknum stuðningi.¹⁰ Óvinveitt viðhorf fólks gagnvart innflytjendum eru að aukast. Viðkvæm staða efnahagskerfis landa og skynjuð samkeppni fólks við innflytjendur um aðföng hefur þar áhrif á. Fólk á það til að bregðast illa við ef það telur öryggi sitt innan samfélagsins vera í hættu.¹¹

Samkvæmt grein Victoriu M. Esses og Stelian Medianu frá árinu 2013 kann sýn fólks á innflytjendur og flóttamenn einmitt að vera óstöðug. Hún er næm fyrir orðræðu varðandi óöryggi og ógn sem stafar af slíku fólki. Þetta getur valdið því að litið er á hópa innflytjenda og flóttafólks illu auga og þeir séðir sem eitthvað minna en mannlegir. Litlar raunverulegar upplýsingar um stöðu innflytjenda eru tiltækar almenningi. Þetta veldur því að fjölmiðlar og áhrifahópar eiga tiltölulega auðvelt með að hafa áhrif á afstöðu fólks

⁶ Kinnvall og Mitzen, 7.

⁷ Dictionary, „Globalization,“ <http://www.dictionary.com/browse/globalization> (sótt 1. nóvember 2017).

⁸ Kinnvall og Mitzen, „An Introduction to the Special Issue: Ontological Securities in World Politics,“ 7.

⁹ Boris Podobnik o.fl., „Predicting the Rise of EU Right-Wing Populism in Response to Unbalanced Immigration,“ *Complexity* 2017 (2017): 2.

¹⁰ Annabelle Timsit, „'Things Could Get Very Ugly' Following Europe's Refugee Crisis,“ *The Atlantic*, 27. Október 2017, <https://www.theatlantic.com/international/archive/2017/10/qa-sasha-polakow-suransky-immigration-europe/543537/> (sótt 19. desember 2017).

¹¹ Sergi Pardos-Prado, „Framing Attitudes Towards Immigration in Europe: When Competition Does Not Matter,“ *Journal of Ethnic and Migration Studies* 37, nr. 7 (2011): 999-1000, sótt 31. október 2017, doi: 10.1080/1369183X.2011.572421

gagnvart fólksflutningum.¹² Hægt er að breyta viðhorfum fólks með hatursorðræðu sem málalár flóttafólk og innflytjendur sem óvini sem eru að reyna að komast yfir landamærin. Kvíði og óvissa almennings er því notuð til að holdgera fólksflutninga sem mögulega ógn við líkamlegt, efnahagslegt og menningarlegt öryggi þeirra.¹³

Ljóst er að tímabil mikilla fólksflutninga valda yfirleitt vaxandi kynþáttahatri og þjóðernishyggju. Slíkt á við um heiminn allan og ekki síst Bandaríkin. Það þarf ekki annað en að líta á sögu fólksflutninga til Bandaríkjanna til að finna dæmi. Á árunum kringum árið 1854 voru til dæmis miklir fólksflutningar til Bandaríkjanna. Þúsundir fólks frá Írlandi komu þangað í von um betra líf og mikil umræða var í þjóðfélaginu um það hvort þetta fólk væri hæft til að öðlast bandarískan ríkisborgararétt. Í dag er þetta löngu horfið úr umræðunni. Bandaríkjamenn af írskum uppruna eru að mati flestra alveg jafn mikill hluti af bandarísku þjóðinni og fólk af enskum uppruna.¹⁴ Slíkt sást einnig árið 2008 með kosningu Obama. Hann er sjálfur af minnihlutahóp en í kosningunum var andstaða gegn honum áberandi hjá hópum sem einblína á innflytjendur.¹⁵ Sjálfsmýnd þjóðar breytist hægt og fólksflutningar eru áberandi, umdeilt málefni sem getur fengið fólk til að flykkjast út á götur jafnt í andstöðu sem samstöðu.¹⁶

2.3 Donald Trump og innflytjendur í Bandaríkjunum

Sigur Donalds Trumps í forsetakosningunum árið 2016 kann meðal annars að hafa náðst vegna neikvæðra viðhorfa hluta kjósenda í garð innflytjenda. Ýmis stefnumál hans snúast um það að draga úr fólksflutningum til landsins með ýmsum leiðum. Þar má til dæmis nefna múrinn sem byggja skal á landamærum Bandaríkjanna til suðurs og ferðabann Trumps.¹⁷ Þrjá minnihutahópa er vert að minnast á í tengslum við fólksflutninga og slæm viðbrögð samfélagsins gagnvart þeim. Einn þeirra hópa eru svartir Bandaríkjamenn. Hinir

¹² Victoria M. Esses og Stelian Medianu, „Uncertainty, Threat and the Role of the Media in Promoting the Dehumanization of Immigrants and Refugees,” *Journal of Social Issues* 69, nr. 3 (2013): 519, sótt 15. nóvember 2017, doi: 10.1111/josi.12027

¹³ Esses og Medianu, 519.

¹⁴ McMahon, „The Pages of Whiteness: Theory, Evidence and the American Immigration Debate,” 40-41.

¹⁵ Rhys H. Williams, „Immigration and National Identity in Obama’s America: The Expansion of Culture-War Politics,” *Canadian Review of American Studies* 42, nr. 3 (2012): 323.

¹⁶ Williams, „Immigration and National Identity in Obama’s America: The Expansion of Culture-War Politics,” 325.

¹⁷ White House, „Trump Administration Immigration Policy Priorities,” fréttatilkynning 8. október 2017. <https://www.whitehouse.gov/the-press-office/2017/10/08/trump-administration-immigration-policy-priorities> (sótt 2. desember 2017).

tveir eru fólk af suður-amerískum uppruna og múslimar en staða þessa tveggja hópa tengist sérstaklega innflytjendastefnu Trumps.

2.3.1 Fólk af afrískum uppruna

Svart fólk hefur lengi þurft að berjast fyrir réttindum sínum innan Bandaríkjanna. Sögulega er sá hópur mjög tengdur umræðunni um fólksflutninga og átök kynþátta. Árið 1860 voru fjórar milljónir svartra þræla í Bandaríkjunum, afkomendur fólks sem tekið var frá Afríku og selt í þrælahald í nýja heiminum. Það var ekki fyrr en í þrælastríðinu seinna á öldinni sem svartir áunnu sér frelsi sitt með því að berjast fyrir Abraham Lincoln og norður-ríkin.¹⁸ Frelsi frá þrælahaldi var þó einungis byrjunin á aldalangri baráttu svartra fyrir réttindum sínum. Lög um borgaraleg réttindi fólks frá 1964 bönnuðu aðskilnað kynþátta á opinberum vettvangi. Með þeim var vinnuveitendum einnig bannað að mismuna fólki eftir kynþætti, húðlit, trú, kyni eða þjóðerni.¹⁹ Annar stór áfangi sem má nefna var kosning Baracks Obama, fyrsta svartar forseta Bandaríkjanna árið 2008.²⁰ Kjör hans markaði tímamót í sögu réttindabaráttu svartra þegar svartur maður náði æðsta embætti landsins. Þó má enn finna fordóma gagnvart svörtum í samfélaginu þrátt fyrir langa baráttu. Ræða Martin Luther King jr. um drauma og samfélag þar sem allir geta lifað saman í sátt og samlyndi er enn minnistæð í hugum margra.²¹ Staða svartra hefur vissulega batnað síðustu áratugi en sá draumur sem lýst var í ræðunni hefur ekki ræst enn.

2.3.2 Fólk af suður-amerískum uppruna

Svartir eru ekki eini minnihlutahópurinn sem hefur átt undir högg að sækja í samfélaginu. Í dag hefur mikil umræða skapast í kringum fólksflutninga á syðri landamærum Bandaríkjanna. Þeir sem aðhyllast einangrunarhyggju telja að fólk af suður-amerískum uppruna sé að flytja til Bandaríkjanna ólöglega og í miklu magni. Staðalímyndir um að

¹⁸ Alan Sked, „Race in America: From Civil War to Civil Rights,“ *Journal of Contemporary History* 49, nr. 2 (2014): 441, sótt 27. september 2017, doi: : 10.1177/0022009413516921

¹⁹ History, „Civil Rights Act,“ <http://www.history.com/topics/black-history/civil-rights-act> (sótt 10 október 2017).

²⁰ Sked, „Race in America: From Civil War to Civil Rights,“ 442.

²¹ Jacquelyn Dowd Hall, „The Long Civil Rights Movement and the Political Uses of the Past,“ *The Journal of American History* 91, nr. 4 (2005): 1233-34.

innflytjendur séu að stela störfum frá innfæddum eru áberandi.²² Sérstaklega hefur umræðan snúist um óskráða innflytjendur frá Mexíkó. Þessar hugmyndir eru, að stróum hluta, til komnar vegna aukins atvinnuleysis í Bandaríkjunum. Hið sanna er þó að aukið atvinnuleysi er stórt og flókið mál þar sem óskráðir innflytjendur leika í mesta lagi agnarsmátt hlutverk.²³

Fólk í Bandaríkjunum, þá sérstaklega hvítt miðstéttarfolk, hefur tilhneigingu til að kenna minnihlutahópum og innflytjendum um vandamál hagkerfisins. Ef fólk upplifir efnahagslega erfiðleika getur það ýtt undir kynþáttahatur og ótta gagnvart innflytjendum.²⁴ Samkvæmt Cian T. McMahon er versnandi staða bandaríska hagkerfisins þó ekki afleiðing fólksflutninga til landsins. Hann færir rök fyrir því að afregluvæðing seinni hluta 20. aldar og alþjóðavæðing séu orsök. Hugmyndir um að innflytjendur séu orsök efnahagslegra erfiðleika endurspeglí ótta þeirra sem fara með slíka orðræðu gagnvart síversnandi stöðu þeirra sjálfra í hagkerfinu. Slíkar hugmyndir eigi sér í raun enga stoð í raunveruleikanum.²⁵

Óskráðum innflytjendum í Bandaríkjunum fer fækkandi. Sérstaklega hefur Mexíkönúm fækkað en staðalímyndir hafa að miklu leyti byggt á þeim. Samkvæmt tölum Pew Rannsóknarseturs voru árið 2015 rúmlega 11 milljónir óskráðra innflytjenda búsettir í Bandaríkjunum. Árið 2007 voru þeir í kringum 12,2 milljónir. Fólki frá Mexíkó hefur fækkað úr 6,4 milljónum árið 2009 í 5,6 milljónir árið 2015.²⁶ Þetta gerðist árum áður en Trump komst til valda með sína innflytjendastefnu. Ákveðin þróun virðist því vera eiga sér stað en með færri innflytjendum mætti gera ráð fyrir að ótti gagnvart þeim myndi minnka. Slíkt virðist þó ekki vera raunin samkvæmt þeirri þróun sem hefur átt sér stað í bandarískum stjórnámálum síðustu ár. Í júní 2016 var til dæmis ótti Bandaríkjamanna

²² Cian T. McMahon, „The Pages of Whiteness: Theory, Evidence and the American Immigration Debate,“ *Race & Class* 56, nr. 4 (2015): 49.

²³ McMahon, 49-50.

²⁴ Adam Serwer, „The Nationalist’s Delusion,“ *The Atlantic*, 20. nóvember 2017. https://www.theatlantic.com/politics/archive/2017/11/the-nationalists-delusion/546356/?utm_source=atltw (sótt 3. desember 2017).

²⁵ McMahon, „The Pages of Whiteness: Theory, Evidence and the American Immigration Debate,“ 49-50.

²⁶ Pew Research Center, „5 Facts About Illegal Immigration in the U.S.,“ <http://www.pewresearch.org/fact-tank/2017/04/27/5-facts-about-illegal-immigration-in-the-u-s/> (sótt 18. nóvember 2017).

gagnvart innflytjendum sögulega hár. Þá hafði slíkur ótti ekki náð sömu hæðum síðan eftir hryðjuverkaárásirnar í New York árið 2001.²⁷

2.3.3 Fólk af mið-austurlenskum uppruna

Þriðji hópurinn sem nefna má í tengslum við viðbrögð gagnvart fólksflutningum er fólk af mið-austurlenskum uppruna, þá sérstaklega múslimar. Hér er vísað bæði til þeirra sem hafa búið í Bandaríkjunum lengi og hinna, sem stefna að því að komast inn í landið og mögulega dvelja þar til framtíðar. Þessir hópar hafa eftir hin miklu stríð í Mið-Austurlöndum og hryðjuverk ýmissa öfgahópa, orðið fyrir miklum fordómum. Um það bil þrjár milljónir múslima búa í dag í Bandaríkjunum. Þetta er mjög fjölbreyttur hópur og ekki er hægt að setja alla múslima undir sama hatt. Hins vegar er rík tilhneiging í samfélaginu að færa ábyrgð á gjörðum fáeinna einstaklinga eða öfgahópa yfir á allan hópinn. Tækifærissinnar sjá sér færi til að öðlast aukið vald með því að fara með hatursorðræðu gagnvart múslimum og fordómar menga daglegt líf þeirra.²⁸

Samkvæmt rannsókn Esses og Medianu hefur tilvist mögulegrar ógnar áhrif á viðhorf fólks gagnvart fólksflutningum. Þá má sérstaklega nefna nýja tegund af ógn sem tengd er við flóttafólk. Það er trúin að flóttafólk sé í raun hryðjuverkamenn, tengt hryðjuverkasamtökum eða hryðjuverkamenn leynist á meðal þeirra. Viðhorf gagnvart sérstökum hópum hælisleitenda getur einnig haft áhrif á viðhorf gagnvart flóttafólki í heild sinni.²⁹ Þessi rök Esses og Medianu falla vel að umræðunni um múslima í Bandaríkjunum og flóttafólk frá Sýrlandi. Mikill ótti ríkir í samfélaginu gagnvart þeim. Litið er á þá sem hryðjuverkamenn sem ógna öryggi bandarískra borgara. Viðhorf ríkisstjórnar Trumps gagnvart Sýrlendingum kunna að endurspegla þennan ótta. Hver sem er gæti verið hryðjuverkamaður og því er öruggara að hleypa sem fæstum inn í landið.

Í raun stafar bandarískum ríkisborgurum þó lítil ógn af sýrlensku flóttafólki. Síðan árásin á tvíburaturnana var gerð árið 2001 hafa einungis þrír flóttamenn í Bandaríkjunum verið handteknir fyrir aðgerðir tengdum hryðjuverkum. Enn fremur er fjöldi bandarískra ríkisborgara sem látist hafa vegna hryðjuverka síðan þá ekki hár. Margfalt líklegra er að

²⁷ Bob Bryan, „Americans' 'Fear' of Immigration is at its 2nd-Highest Level Ever,” *Business Insider*, 29. júní 2016. <http://uk.businessinsider.com/american-immigration-fear-historically-high-2016-6?r=US&IR=T> (sótt 3. desember 2017).

²⁸ Majid Alsayegh, „Muslims in America,” *Journal of Ecumenical Studies* 51, nr. 2 (2016): 272.

²⁹ Alsayegh, „Muslims in America,” 529.

fólk látist af völdum annarra ofbeldistengdra orsaka heldur en hryðjuverkum frömdum af íslömskum öfgahópum. Hægrisinnaðir hryðjuverkahópar sem starfa innanlands hafa myrt tvisvar sinnum fleira fólks heldur en íslamskir hryðjuverkahópar síðan tvíburaturnarnir féllu í New York 11. september 2001.³⁰

2.4 Áhrif kynþátta og aðgreining hópa

Stjórnsmál byggð á því hvernig fólk flokkar sig í hópa, tengir og samsamar sig með öðru fólki eru mjög áberandi í dag. Hvernig fólk byggir sjálfsmynd sína hefur mikil áhrif á daglegt líf þess. Skilgreinir þú þig eftir kynþætti, þjóðerni, trú eða einhverju öðru, allt skiptir þetta máli þegar kemur að samskiptum við aðra. Í mörgum tilvikum skilgreinir fólks sjálft sig einnig út frá því sem það er ekki. Í bók sinni *The Wages of Whiteness (1991)* gerir David R. Roediger ráð fyrir því að meðlimir hinnar bandarísku verkamannastéttar hafi í raun skilgreint sig upprunalega út frá því að þeir voru ekki þrælar, ekki svartir heldur hvítir. Þetta hefur samkvæmt honum verið lykilþáttur í hinni löngu sögu kynþáttaspennu í Bandaríkjunum. Til að fólk geti tilheyrt ákveðnum hópi þarf það að aðskilja sjálft sig frá öðrum hópum. Ef þú ert hvítur þá ertu ekki svartur og ekki frá Mexíkó. Í mörgum tilvikum leiðir þessi aðgreining til þess að litið er á aðra hópa sem einhvern veginn lægri en þann sem maður tilheyrir.³¹ Þegar miklir fólksflutningar eiga sér stað í heiminum verður kynþátta- og hópapolítík sérstaklega áberandi.

Hugmyndir um kynþætti og baráttuna milli þeirra sem geta vera hvítir og annarra kynþátta hafa mikil áhrif á umræðuna um fólksflutninga í gegnum árin. Á fyrri öldum voru hugmyndir um það hverjir mættu flytja til landsins oft festar í lög. Til dæmis má nefna *The Naturalization Act* frá 1790 og *The Chinese Exclusion Act* frá 1882, bæði lagasetningar ætlaðar til að hafa áhrif á hverjir mættu setjast að í Bandaríkjunum.³² Fólksflutningar eru einmitt tengdir hugtakinu kynþáttur. Fjölbreytileiki lýðfræði landsins hefur aukist síðan árið 1960, eins og kynþáttaátök og barátta mismunandi hópa. Bæði fólksflutningar og

³⁰ Kelly J. Clark, „Syrian Refugees are Not a Risk to America,“ *Huffington Post*, 1. febrúar 2017. https://www.huffingtonpost.com/kelly-james-clark/syrian-refugees-and-the-r_b_9111374.html (sótt 15. nóvember 2017).

³¹ Peter Kolchin, „Whiteness Studies: The New History of Race in America,“ *The Journal of American History* 89, nr. 1 (2002): 155-56, sótt 27. september 2017, doi: 10.2307/2700788

³² McMahon, „The Pages of Whiteness: Theory, Evidence and the American Immigration Debate,“ 49.

kynþættir tengjast skiptingu mannkynsins í hópa. Ef þessir tveir hlutir, fólksflutningar og kynþættir, tengjast ber að skilgreina nákvæmlega hvað hugtakið kynþáttur þýðir.

2.5 Kynþættir: raunverulegir eða ímyndaðir

Skilgreiningin á kynþáttum hefur þróast í gegnum aldirnar frá líffræðilegri staðreynd yfir í samfélagslega mótaða ímyndun.³³ Thomas Hylland Eriksen færir rök fyrir því í bók sinni, *Þjóðerni og Þjóðernishyggja*, að kynþættir séu í raun samfélagslega mótað fyrirbæri sem er einungis til í hugum fólks. Þeir séu hrein og tær ímyndun og eru einungis til af því fólk trúir að þeir sé til. Vandamálið er að þó að samfélag fræðimanna hverfi frá ákveðnum hugmyndum um leið og þær eru afsannaðar þýðir það ekki að almenningur geri það.³⁴ Kynþáttahatur byggir á þeim fornu hugmyndum að hægt sé að skipta mannkyninu í undirflokkka byggða á sameiginlegum líkamlegum eiginleikum.³⁵ Forsenda þess er að persónuleika fólks megi tengja við arfgenga eiginleika sem tilheyra kynþætti þess.³⁶

Að hluta til er það skiljanlegt að fólk haldi í hugmyndir um kynþætti sem líffræðilegan raunveruleika. Þær voru taldar vera sannleikur meðal vísindamanna og fræðimanna á 19. öld og fyrri hluta þeirrar 20. Þetta hefur fyrir löngu verið afsannað en það þýðir ekki að slíkar hugmyndir eigi ekki lengur fótfestu í hugum fólks.³⁷ Þessum hugmyndum var hafnað í kringum miðja 20. öldina og við tóku hugmyndir um kynþætti sem samfélagslega mótuð fyrirbæri.³⁸ Sannleikurinn er sá að enginn svokallaður kynþáttur býr yfir neinskonar líffræðilegum eiginleikum sem aðrir búa ekki yfir. Við erum öll manneskjur og ekki er hægt að skipta mannkyninu í undirhópa. Í mörgum tilvikum er að finna meiri líffræðilegan breytileika innan svokallaðra kynþáttahópa en á milli þeirra.³⁹ Líffræðilegar hugmyndir um kynþætti eru þó notaðar enn þann dag í dag til að skipta fólki upp í hópa. Sérstaklega í Bandaríkjunum þar sem kynþáttaátök eru ein helsta ástæða aðgreiningar.

Kynþættir eru þó ekki það eina sem skilur fólk að. Í mörgum tilvikum hafa hugmyndir um flokkun fólks eftir þjóðerni notið vinsælda. Þjóðernishópar eru skilgreindir út frá

³³ Robin O. Andreasen, „Race: Biological Reality or Social Construct,“ *Philosophy of Science* 67, nr. 3 (2000): 654.

³⁴ Thomas Hylland Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, 1 útg. (London: Pluto Press, 1993), 5.

³⁵ Andreasen, „Race: Biological Reality or Social Construct,“ 654.

³⁶ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, 5.

³⁷ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, 5.

³⁸ Andreasen, „Race: Biological Reality or Social Construct,“ 654.

³⁹ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, 5.

menningarlegum þáttum frekar en líffræðilegum einkennum, til dæmis tungumáli og trú. Slíkir hópar myndast út frá samböndum sínum við aðra hópa og eru taldir vera menningarlega margbreytilegir og sérstakir.⁴⁰ Kynþættir, menning, trú, þjóðerni allt eru þetta hugtök sem notuð eru til að aðskilja fólk og flokka það í hópa. Þau tengjast öll þjóðernishyggju og mynda orðræðu þeirra sem aðhyllast hana. Stóra spurningin er því hvað nákvæmlega er þjóðernishyggja og hvernig er hún skilgreind?

2.6 Þjóð og þjóðernishyggja

Þjóðernishyggja er flókið hugtak sem á sér margar skilgreiningar, sumar neikvæðar og aðrar jákvæðar. Oft er henni blandað saman við orð eins og þjóðrækni og föðurlandsást. Þjóðernishyggja er vissulega tengd slíkum hlutum en er þó yfirleitt talin vera mun róttækari en hrein og bein föðurlandsást.⁴¹ Nákvæmari skilgreining á þjóðernishyggju er að hún sé hugmyndafræði sem hefur þann helsta tilgang að tryggja og viðhalda sjálfstjórn fyrir hönd íbúa ákveðins landsvæðis. Þjóðernishyggja byggir á að framkalla sameiningu og sameiginlega sjálfsmynd þessara íbúa. Þeir sem aðhyllast þjóðernishyggju telja íbúana vera réttmæta valdhafa landsvæðisins sem um ræðir. Þeir séu í raun fullvalda þjóð, eða hafi að minnsta kosti rétt á að mynda slíka þjóð.⁴²

Þjóðernishyggja byggir að auki á nokkrum viðbótar forsendum. Í fyrsta lagi skiptist heimurinn í fullvalda þjóðir sem eru menningarlega mismunandi og hver þeirra er einstök. Í öðru lagi tilheyrir hver einstaklingur þjóð og ber skylda til að sýna þeirri þjóð hollustu. Í þriðja lagi á hver þjóð að vera sjálfstæð, stjórna sér sjálf og geta unnið að markmiðum sínum án afskipta annarra.⁴³ Þjóðernishyggja og þjóð eru því nátengd hugtök og bæði hafa þróast og breyst í gegnum tímann.

Einföld skilgreining á þjóð er sú að orðið tákni samfélag fólks sem deilir vissum einkennum, t.d. sögulegu landsvæði, goðsögnum, minningum, menningu, hagkerfi og lögum.⁴⁴ Heimurinn skiptist í fullvalda þjóðir og þjóðin er eina lögmæta uppspretta pólitísks valds,⁴⁵ í þeim skilningi að ríkið sé æðsta valdið innan ákveðins landsvæðis og

⁴⁰ Eriksen, 4.

⁴¹ Anna Triandafyllidou, „National Identity and the 'Other',“ *Ethnic and Racial Studies* 21, nr. 4 (1998): 595.

⁴² Triandafyllidou, 595.

⁴³ Triandafyllidou, 595.

⁴⁴ Triandafyllidou, 595.

⁴⁵ Triandafyllidou, 593.

yfirráð þess séu viðurkennd alþjóðlega af öðrum ríkjum.⁴⁶ Þjóðin tákna sameiginlega sjálfsmynd fólksins sem myndar hana og er í raun langlífasta leiðin til að skipta fólki upp í hópa í dag.⁴⁷ Hugmyndir um sameiginleg einkenni meðlima þjóðar samkvæmt eðli þeirra flokka fólk í hópa. Ef til er sérstök þjóð sem viðheldur sérstakri menningu, tungumáli, einkennum og gildum þá hljóta allir þeir sem ekki tilheyra þjóðinni að vera öðruvísi. Ef hægt er að skilgreina hóp fólks sem „okkur“ þá verða á sama tíma allir sem tilheyra ekki þeim hópi að „hinum.“⁴⁸ Ómögulegt er að skilgreina þjóð án þess að á sama tíma útiloka restina af heiminum frá henni. Oft er sjálfsmynd fólks einmitt byggð á því sem það telur sig ekki vera.⁴⁹

Í flestum tilvikum hafa þjóðir nútímans orðið til í gegnum átök og baráttu fyrir sjálfstæði frá öðrum hópum. Til dæmis má nefna Sjálfstæðisstríð Bandaríkjanna sem stóð í átta ár frá 1775 til 1783. Stríðið snerist um baráttu hinna 13 norður-amerísku nýlenda Bretlands fyrir sjálfstæði og lauk með sigri nýlendanna. Með þessu varð bandaríska ríkið og á sama tíma þjóðin opinberlega til.⁵⁰ Í þessu tilviki sóttist stór hópur fólks eftir sjálfstæði frá fullvalda ríki og eftir því að mynda sitt eigið ríki og verða þjóð. Í dag er varla hægt að færa rök fyrir því að bandaríska þjóðin sé ekki lögmæt og fullvalda í sínu ríki. Hvernig sem litið er á það var þó stór hluti þessarar baráttu litaður af spurningunni um „okkur“ og hina,“ Bandaríkjamenn og Breta. Þjóðir byggja á hugmyndum um að til séu þessir „hinir“ sem tilheyra ekki þjóðinni. Þær mynda heild og samastað fyrir fólk á sama tíma og þær eru einangrandi og ætlaðar hinum fáu útvöldu.⁵¹

Í bók sinni *Imagined Communities* leggur Benedict Anderson til öðruvísi skilgreiningu á þjóð. Hann telur að skilgreina megi þjóðina sem ímyndað pólitískt samfélag. Þjóðin er ímynduð vegna þess að meira að segja í hinum smæstu ríkjum munu meðlimir þjóðarinnar aldrei kynnast eða einu sinni hitta meiri hluta annarra meðlima þjóðarinnar. Þrátt fyrir það telja þeir sig þó deila einhverskonar gagnkvæmri tengingu. Þrátt fyrir misskiptingu

⁴⁶ Encyclopædia Britannica, „Sovereignty,“ <https://www.britannica.com/topic/sovereignty> (sótt 6. október 2017).

⁴⁷ Triandafyllidou, „National Identity and the 'Other',“ 593.

⁴⁸ Triandafyllidou, 593.

⁴⁹ Triandafyllidou, 594.

⁵⁰ History, „American Revolution History,“ <http://www.history.com/topics/american-revolution/american-revolution-history> (sótt 5. október 2017).

⁵¹ Triandafyllidou, „National Identity and the 'Other',“ 594.

auðs, mismunandi stöðu meðlima og spillingu innan hennar ríkir þessi hugmynd um félagsskap, samfélag og sameiginleg einkenni meðlima þjóðarinnar. Ef þjóðin er ímynduð þá hlýtur fullveldi hennar og lögmæti einnig að vera ímyndað.⁵² Þjóðir heimsins og fullveldi þeirra byggja því allar raunverulega á ímyndun mannfólksins.

Anderson fjallar einnig um það að hugmyndin um þjóðernishyggju, rétt eins og hugtakið þjóð, sé tiltölulega nýlegt fyrirbæri. Engu að síður byggir orðræða þjóðernissinna yfirleitt á þeirri hugmynd að þjóðin sé í raun ævafor. Sagnfræðingar líta á þjóðir hlutlægt og sjá þær sem nútímalegt fyrirbæri en þjóðernishyggja byggir á hugmyndum um þjóðina sem eitthvað sem hefur alltaf verið til staðar og á þar af leiðandi lögmætan rétt á fullveldi sínu.⁵³ Ákveðna mótsögn má finna í orðræðu þjóðernissinna varðandi langlífi þjóðarinnar. Auðvelt er að selja hugmyndir um ævafora þjóð sem hefur alltaf verið til og á því fullkominn rétt á sjálfstjórn.

Þjóðir líkt og kynþættir eru samfélagslega mótuð fyrirbæri og skilningur á þeim hefur þróast í gegnum aldirnar. Þær eru það sem fólkið sem myndar þær telur þær vera. Ernest Gellner leggur til í bók sinni *Thought and Change* að þjóðernishyggja búi til þjóðir byggðar á aðskilnaði sem er nú þegar til staðar milli fólks.⁵⁴ Þjóðernishyggja kemur sem sagt á undan þjóðinni og þeir sem aðhyllast hana safna fólki saman og búa til þjóðina byggða á ágreiningi og sundrunu. Eins og með hænuna og eggid er erfitt að staðfesta nákvæmlega hvort kom fyrst þjóðin eða þjóðernishyggja. Víst er þó að þessi tvö hugtök eru samtvinnuð og hafa gríðarleg áhrif á hvort annað.⁵⁵ Samkvæmt þessu hefur þjóðernishyggja því gríðarleg áhrif á það hverjir geta talist hluti af þjóðinni.

Vitaskuld eru margir mismunandi hópar innan þjóðarinnar, sérstaklega í svo margbreytilegu og fjölþjóðlegu ríki eins og Bandaríkjunum. Mismunandi hópar hafa mismunandi hugmyndir um það hverjir tilheyra bandarísku þjóðinni. Hins vegar er yfirleitt einhverskonar ríkjandi hugmyndafræði sem flestir aðhyllast og þjóðernishyggja á sinn þátt í að móta þá hugmyndafræði. Í Bandaríkjunum er meirihluti fólks í dag hvítt fólk af evrópskum uppruna. Ein tegund þjóðernishyggju er einmitt hin svokallaða hvíta

⁵² Benedict Anderson, *Imagined Communities*, 3 útg. (New York: Maple Press, 2006): 6-7.

⁵³ Anderson, *Imagined Communities*, 5.

⁵⁴ Ernest Gellner, *Thought and Change*, 1 útg. (London: Weidenfeld and Nicolson: 1964): 168.

⁵⁵ Gellner, *Thought and Change*, 168.

þjóðernishyggja. Þessi tegund hefur verið mjög áberandi í pólitískri umræðu nýlega en hún sameinar hugtökin þjóð, þjóðernishyggja og kynþátt undir einn fána.

2.7 Hvít þjóðernishyggja

Hvítir þjóðernissinnar aðhyllast hugmyndir hvítra yfirráða- og einangrunarsinna. Miðpunktur slíkrar hugmyndafræði er sú trú að hinn hvíti kynþáttur sé ábyrgur fyrir flestu hinu góða sem mannkynið hefur áorkað. Hvítir séu æðri en aðrir kynþættir af náttúrunnar hendi.⁵⁶ Hvítir þjóðernissinnar deila þessum hugmyndum og trúa því að hinn hvíti kynþáttur eigi að vera ráðandi í samfélaginu. Margir hvítir þjóðernissinnar trúa því að fólksflutningar og útbreiðsla annarra menningarstrauma sé ógn við hinn hvíta kynþátt. Þeir leggjast því eindregið gegn komu innflytjenda til lands síns.⁵⁷ Hugmyndafræði hvítrar þjóðernishyggju byggir á því að sjálfsmynd þjóðarinnar eigi að vera byggð á hinu hvíta þjóðerni, hvítleiki þjóðarinnar sé það sem sameinar hana.⁵⁸ Hún byggir því bæði á hugmyndum þjóðernishyggju og hugmyndum um aðskilnað kynþátta og líffræðilegan breytileika þeirra. Þetta er því ímyndað pólitískt samfélag byggt á ímynduðum líffræðilegum einkennum.

Bandaríkin eiga sér langa sögu baráttu ýmissa hópa fyrir viðurkenningu. Baráttan hefur snúist um andstöðu gegn hugmyndafræði hvítra þjóðernissinna. Sú hugmyndafræði var ríkjandi öldum saman, enda eru Bandaríkin byggð á nýlendutöku og þrælahaldi. Hins vegar hafði slík hugmyndafræði horfið úr sviðsljósinu á síðustu áratugum en í dag hefur jafnrétti kynþátta verið að mestu leyti fest í lög. Þrátt fyrir það er kynþáttahatur enn til staðar og á síðustu árum hefur hugmyndafræði hvítrar þjóðernishyggju birst á sjóndeildarhring bandarískra stjórn mála með endurnýjuðum krafti.⁵⁹

Hvít þjóðernishyggja er vitaskuld ekki nýtt fyrirbæri. Mismunandi hópar hafa starfað í heiminum áratugum saman, þar á meðal hópar eins og Ku Klux Klan og nýnasistar. Allar slíkar hreyfingar byggja þó á hugmyndum um yfirráð ákveðins hóps og jaðarsetningu

⁵⁶ Stephen A. Schwartz, „America’s White Supremacy Crisis,” *The Journal of Science and Healing* 13, nr. 5 (2017): 293.

⁵⁷ Euronews, „What is White Nationalism?,” *euronews.com*, 14. ágúst 2017, <http://www.euronews.com/2017/08/14/what-is-white-nationalism> (sótt 7. október 2017).

⁵⁸ Amanda Taub, „White Nationalism, Explained,” *New York Times*, 21. nóvember 2016, https://www.nytimes.com/2016/11/22/world/americas/white-nationalism-explained.html?_r=0 (sótt 7. október 2017).

⁵⁹ Schwartz, „America’s White Supremacy Crisis,” 293.

annarra.⁶⁰ Með kosningu Donalds Trumps sem Bandaríkjaforseta hafa hvítir þjóðernissinnar fengið byr undir báða vængi og nýjar hreyfingar hafa orðið áberandi.⁶¹ Ein slík hreyfing er *Alternative Right* eða *alt-right*. Þessi hreyfing er vaxandi ekki bara í Bandaríkjunum heldur í heiminum öllum.⁶² Lykilatriði í orðræðu *alt-right* er einmitt neikvætt viðhorf þeirra gagnvart fólksflutningum en þjóðernishyggja í eðli sínu býr til þessa ímynduðu „hina“ sem þjóðinni stafar ógn af. Í næsta kafla er fjallað um það hvernig hópar eins og *alt-right* hafa beitt hugmyndum um fólksflutninga í orðræðu sinni og nýtt þær til að afla sér fylgis og valda auknu hatri og ótta í bandarísku samfélagi.

⁶⁰ Luzilda C. Arciniega, „Diversity and Inclusion and the Rise of the Alt-Right,“ *Anthropology News* 58, nr. 1 (2017): 176, sótt 3. nóvember 2017, doi: 10.1111/AN.332

⁶¹ Henry, A. Giroux, „White Nationalism, Armed Culture and State Violence in the Age of Donald Trump,“ *Philosophy & Social Criticism* 1, nr. 9 (2017): 887.

⁶² Euronews, „What is White Nationalism?.“

3 Alt-right

3.1 Fjölgun innflytjenda síðan 1960

Samkvæmt áætluðum tölum manntals um lýðfræði Bandaríkjanna voru árið 2014 rúmlega 38% bandaríkjamanna meðlimir minnihlutahópa. Búist er við því að þessi tala muni hækka upp í rúmlega 56% árið 2060.⁶³ Samkvæmt *Center for Immigration Studies* voru árið 2014 rúmlega 42,4 milljónir innflytjenda, bæði skráðir og óskráðir, búsettir í Bandaríkjunum. Þessi tala stendur fyrir um það bil 13,3 prósent bandarísku þjóðarinnar sem er hæsta hlutfall innflytjenda síðustu 94 ár.⁶⁴ Árið 2015 fluttu um það bil 1,38 milljón manns fædd erlendis til landsins. Þar af voru flestir frá Indlandi, Kína og Mexíkó.⁶⁵ Víst er að síðustu 50 ár hefur samsetning bandarísku þjóðarinnar tekið miklum breytingum. Rúmlega einn af hverjum átta bandaríkjamönnum fæddist erlendis. Það fólk kemur aðallega frá Rómönsku Ameríku og Asíu. Árið 1960 var þetta hlutfall einungis einn af hverjum tuttugu, þá aðallega frá löndum í Evrópu.⁶⁶

Ekkert er meira ógnvekjandi fyrir bandaríska þjóðernissinna en sú staðreynd að fólk allsstaðar að úr heiminum af mismunandi menningarheimum, kynþáttum og þjóðernum sé í dag að koma inn í landið þeirra og setjast þar að. Hið háa hlutfall minnihlutahópa og innflytjenda er mikið hjartans mál fyrir þjóðernissinna. Það veldur þeim ótta, sem er einmitt eitt aðal-tæki þjóðernissinna til að afla sér fylgis og stuðnings í samfélaginu. Ef tölur manntals eru réttar verður hinn hvíti meirihluti af evrópskum uppruna orðinn að minnihluta í Bandaríkjunum árið 2060. Ef hvítir þjóðernissinnar eru spurðir um þessa þróun er líklegt að svarið sé að slík þróun sé slæm og bandarísku þjóðinni stafi ógn af henni. Hvort það sé í raun svo er eitthvað sem má rökræða og er breytilegt eftir því hvernig er spurt.

⁶³ Census Bureau, „New Census Bureau Report Analyzes U.S. Population Projections,“ fréttatilkynning 3. mars 2015. <https://www.census.gov/newsroom/press-releases/2015/cb15-tps16.html> (sótt 31. október 2017).

⁶⁴ Center for Immigration Studies, „Immigrants in the United States,“ <https://cis.org/Report/Immigrants-United-States> (sótt 31. október 2017).

⁶⁵ Migration Policy, „Frequently Requested Statistics on Immigrants and Immigration in the United States,“ https://www.migrationpolicy.org/article/frequently-requested-statistics-immigrants-and-immigration-united-states?gclid=EAlalQobChMIwu6Jqqm81wIVLSjTCh17VgEvEAAAYASAAEgJQ7_D_BwE#CurrentHistoricalNumbers (sótt 13. nóvember 2017).

⁶⁶ Census Bureau, „How Do We Know? America’s Foreign Born in the Last 50 Years,“ https://www.census.gov/library/visualizations/2013/comm/foreign_born.html (sótt 31. október 2017).

3.2 Uppruni

Alt-right er tiltölulega ung þjóðernissinnuð hreyfing í heiminum. Nafnið kemur frá einum leiðtoga hreyfingarinnar Richard Bertrand Spencer sem leiðir *The National Policy Institute*, hvíta þjóðernissinnaða hugveitu í Bandaríkjunum. Nafnið sjálf var búið til af Spencer árið 2008. *Alt-right* sem lauslega mynduð hreyfing hefur þó verið starfandi í mörg ár.⁶⁷ Spencer hefur lýst því yfir að *alt-right* samanstandi mest megnis af ungu fólki, oft nýlega útskrifuðu úr háskóla. Þetta unga fólk sé orðið leitt á ríkjandi stefnu íhaldsins og hafi leitað á ný mið. Hreyfingin hefur beint athygli sinni að því að koma í veg fyrir fólksflutninga til Bandaríkjanna. Þar má sérstaklega nefna komu flóttafólks frá Sýrlandi. Þrátt fyrir hvað nafnið gefur til kynna hefur Spencer verið staðfastur á þeirri skoðun að *alt-right* nái til fólks af báðum vængjum stjórnmalanna, hægri og vinstri.⁶⁸

Alt-right á rætur sínar að rekja til netheima. Til að byrja með voru það Internet tröll, fólk sem aðhyllist svartan húmor, unglingar, tölvuleikjaspilarar og kaldhæðnir íhaldsmenn sem mynduðu kjarna þess sem síðar varð *alt-right*. Finna mátti ýmsar hugmyndir hreyfingarinnar á vinsælum bloggsíðum, til dæmis hinni alræmdu síðu *4chan*. Síðar varð svo *alt-right* hreyfingin raunverulega til sem alþjóðleg samtök.⁶⁹ Einn þekktasti vettvangur *alt-right* í dag er vefsíðan *Daily Stormer*. Þar má finna ýmsar fréttagreinar og annað sem tengist orðræðu hópsins. Á síðunni má einnig finna það sem virðist vera skilgreining á *alt-right* samkvæmt þeirra eigin sjónarmiði skrifuð af Andrew Anglin, stjórnanda síðunnar. Hann heldur því fram að *alt-right* innihaldi ýmsa hópa fólks. Kjarni hreyfingarinnar séu þó stuðningsmenn Trumps, sem aðhyllast hugmyndir um yfirburði hins hvíta kynþáttar og eru virkir í aðgerðastefnu á netinu. Samkvæmt Anglin er kerfisbundið verið að útrýma hinni hvítu þjóð með gríðarlegum fólksflutningum til hvítra landa. Hvítt fólk þurfi að sameinast til að koma í veg fyrir slíka útrýmingu.⁷⁰

Anglin lýsir einnig því sem hann telur vera hina raunverulegu sögu *alt-right*. Líkt og Spencer telur hann hreyfinguna hafa myndast síðustu ár út frá hugmyndum ungs fólks á

⁶⁷ Southern Poverty Law Center, „Alt-Right,“ <https://www.splcenter.org/fighting-hate/extremist-files/ideology/alt-right> (sótt 14. nóvember 2017).

⁶⁸ Southern Poverty Law Center, „Alt-Right.“

⁶⁹ Mark Dunbar, „Kill All the Normies: Online Culture Wars From 4chan and Tumblr to Trump and the Alt-Right,“ *The Humanist* 77, nr. 5 (2017): 45.

⁷⁰ Andrew Anglin, „A Normie’s Guide to the Alt-Right,“ *Dailystormer*, <https://dailystormer.ws/a-normies-guide-to-the-alt-right/> (sótt 2. nóvember 2017).

netheimum. Ný tegund hvítrar þjóðernishyggja hefði orðið til þar undir takmörkuðum áhrifum fyrri hreyfinga. Menningarkimar á netinu hefðu rekist á, sameinast og runnið saman í það sem nú má kalla *alt-right* hreyfinguna. Kjör Donald Trump væri þó miðpunktur hreyfingarinnar í dag.⁷¹ Erfitt er að meta hvort taka megi nokkru sem finnast má á *Daily Stormer* fullkomlega alvarlega. Hins vegar endurspeglar orðræða á vefsíðunni ýmis viðhorf sem finna má innan *alt-right*.

3.3 Hugmyndafræði

Það sem byrjaði sem svartur húmor í afkimum netheima má nú lýsa sem hreyfingu byggða af ýmsum öfgafullum hægrisinnuðum hugmyndum hópa og einstaklinga.⁷² Samkvæmt talsmönnum hreyfingarinnar sækist hún eftir því að vernda arfleifð, sjálfsmynd og framtíð fólks af evrópskum uppruna í Bandaríkjunum og heiminum öllum. Draumur þeirra er sá að breyta Bandaríkjunum í ríki byggt á hvítu þjóðerni og stöðva alla fólksflutninga til landsins.⁷³ Enn fremur byggir hún á þeirri hugmynd að hin hvíta sjálfsmynd sé í hættu vegna fjölþjóðlegra afla sem sækjast eftir því að grafa undan henni og hinni hvítu siðmenningu. Hvít þjóðernishyggja og hugmyndin um hina hvítu þjóð eru því miðlægar í hugmyndafræði *alt-right*.

Anglin telur að það sem finna má í dag sé ný tegund hvítrar þjóðernishyggju. Hvort það sé í raun satt er eitthvað sem krefst frekari umfjöllunar. Hvít þjóðernishyggja byggir á aðgreiningu hópa og hugmyndum um hinn hvíta kynþátt sem æðri öðrum. Vettvangur *alt-right* kann að vera nýr vegna tæknivæðingar og uppbyggingar netheima. Svipaðar hugmyndir um lögmæti þjóða og æðri stöðu hins hvíta kynþáttar mátti þó finna hjá nasistum 20. aldarinnar. Nasistar Adolfs Hitlers í seinni heimstyrjöldinni byggðu veldi sitt á hugmyndum um Þýskaland sem sameinaða þjóð. Þýskaland var sterkt og þyrfti að sigra alla þá sem höfðu ekki trú á sömu hugmyndafræði og var ríkjandi innan ríkisins.⁷⁴ Það er í raun ekkert nýtt í hugmyndafræði *alt-right*. Hreyfingin byggir á hugmyndum um hina sameinuðu hvítu þjóð, þá sérstaklega innan Bandaríkjanna. Hugmyndir *alt-right* nútímans byggja á sama grunni um fullveldi þjóða og rétti þeirra til yfirráða og hugmyndir nasista

⁷¹ Anglin, „A Normie’s Guide to the Alt-Right.“

⁷² Southern Poverty Law Center, „Alt-Right.“

⁷³ Taub, „White Nationalism, Explained.“

⁷⁴ Fritz Karsen, „Some Remarks on the Nazi Philosophy of Education,“ *The German Quarterly* 14, nr. 3 (1941): 136.

fortíðarinnar. Nasistar Hitlers byggðu veldi sitt á hugmyndum um æðri stöðu ákveðins kynþáttar yfir öðrum rétt eins og *alt-right* gerir nú.⁷⁵

3.4 Kjör Donalds Trumps

Eins og áður kom fram telja hugmyndasmiðir hreyfingarinnar kjör Trumps vera mikil tímamót fyrir *alt-right*. Stuðningsmenn hans mynda kjarna hreyfingarinnar. Margir leiðtogar *alt-right* studdu kosningarherferð Trumps opinberlega og honum hefur verið lýst sem einskona hetju *alt-right*.⁷⁶ Hreyfingin varð einnig meira áberandi í pólitískri umræðu á þeim tíma sem Trump var kosinn. Mörgum að óvöru risu málefni hvítra þjóðernissinna upp á yfirborðið við kjör Trumps og kynþáttahatur varð meira áberandi. Þeir urðu sýnilegri, meira áberandi og valdameiri.⁷⁷ Úrslit kosninganna voru því mikil fagnaðartíðindi fyrir meðlimi *alt-right*. Nú birtist loks tækifæri fyrir þá að láta í sér heyra.

Richard Spencer fagnaði úrslitum kosninganna á mjög sérstakan hátt. Orð sem hann lét falla minna á fræg hróp stuðningsmanna Adolfs Hitler en þau voru þessi: „*Hail Trump, hail our people, hail victory!*“⁷⁸ Slík hróp voru daglegur hluti af lífi fólks á valdatíma Hitlers. Hverju mannsbarni í veldi hans var gert að læra þau og segja eins oft og tækifæri gafst til.⁷⁹ Það að heyra sömu orð í öðru samhengi sögð um leiðtoga Bandaríkjanna er í besta falli ógnvekjandi. Svo marga sameiginlega hluti má finna í orðræðu *alt-right* og nasista 20. aldar að erfitt er að gera greinarmun á milli þessara tveggja hreyfinga.

3.5 Stefnumál Donalds Trumps

Donald Trump, hetja *alt-right*, hóf kosningaherferð sína árið 2016 með orðræðu sem byggir á staðalímyndum um óskráða innflytjendur. Hann hélt því fram að óskráðir innflytjendur frá Mexíkó væru í raun glæpamenn og nauðgarar sem kæmu með ólögleg eiturlyf til landsins.⁸⁰ Hann kynnti í sambandi við þetta eitt helsta stefnumál sitt en það er

⁷⁵ Merriam Webster, „Definition of Nazism,“ <https://www.merriam-webster.com/dictionary/Nazism> (sótt 13. nóvember 2017).

⁷⁶ Southern Poverty Law Center, „Alt-Right.“

⁷⁷ Robert Futrell og Pete Simi, „The Unsurprising Alt-Right,“ *Contexts* 16, nr. 2 (2017): 76, sótt 2. nóvember 2017, doi: 10.1177/1536504217714269

⁷⁸ Vox, „What the Alt-Right Actually Wants from President Trump,“ *vox.com*, 28. nóvember 2016. <https://www.vox.com/world/2016/11/28/13716038/alt-right-policy-platform-trump> (sótt 18. nóvember 2017).

⁷⁹ Facing History, „Heil Hitler!: Lessons of Daily Life,“ <https://www.facinghistory.org/holocaust-and-human-behavior/chapter-6/heil-hitler-lessons-daily-life> (sótt 18. nóvember 2017).

⁸⁰ Adam Serwer, „The Nationalist’s Delusion.“

hinn umdeildi múr á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Veggjum er einmitt ætlað að draga úr ólöglegum fólksflutningum til landsins.⁸¹ Bygging frummynda veggjans er lokið en Trump virðist vera staðfastur á því að uppfylla þetta kosningaloforð.⁸² Hvort veggurinn muni í raun skila nokkrum árangri þegar byggingu hans líkur á eftir að koma í ljós. Hugmyndin sjálf endurspeglar þó að vissu leyti þann ótta sem ríkir í bandarísku samfélagi gagnvart innflytjendum. Hvort sem innflytjendur eru í raun glæpamenn komnir til að stela störfum og fjármunum frá bandarísku þjóðinni þá er staðalímyndin sú.

Mikil umræða hefur átt sér stað í heiminum varðandi hið hryllilega stríð í Sýrlandi og búsetu flóttafólks þaðan í öðrum löndum. Koma slíkra innflytjenda hefur einnig valdið miklum kvíða og óöryggi í vestrænum löndum.⁸³ Milli 2011 og 2016 tóku Bandaríkin á móti um það bil 18,000 Sýrlendingum á flóttu.⁸⁴ Árið 2017 hafa Bandaríkin tekið við enn færri fólki en Donald Trump bannaði fólksflutninga frá Sýrlandi til Bandaríkjanna í janúar 2017 með forsetatilskipun.⁸⁵ Þessi tilskipun er eitt af stefnumálum Trumps Bandaríkjaforseta sem hafa með innflytjendamál að gera.⁸⁶

Stjórn Trumps hefur nokkrum sinnum reynt að koma útgáfu ferðabannsins í verk en það hefur ævinlega verið hindrað af dómstólum Bandaríkjanna.⁸⁷ Nokkrar mismunandi útgáfur ferðabannsins hafa verið undirbúnar en nýlega hafa dómstólar leyft framkvæmd ferðabannsins að hluta til. Ríkisstjórnin fær þar með leyfi til að koma í veg fyrir aðgang fólks frá sex mestmegnis múslímskum löndum til Bandaríkjanna.⁸⁸ Fyrri útgáfa

⁸¹ White House, „Trump Administration Immigration Policy Priorities.“

⁸² Adam Edelman, „Trump’s Border Wall Prototypes are Complete. Now What?“, *NBC News*, 28. október 2017, <https://www.nbcnews.com/politics/immigration/trump-s-border-wall-prototypes-are-complete-now-what-n815106> (sótt 2. desember 2017).

⁸³ Esses og Medianu, „Uncertainty, Threat and the Role of the Media in Promoting the Dehumanization of Immigrants and Refugees,“ 519.

⁸⁴ Migration Policy, „Syrian Refugees in the United States,“ <https://www.migrationpolicy.org/article/syrian-refugees-united-states> (sótt 14. nóvember 2017).

⁸⁵ BBC, „Trump Suspends US Refugee Programme and Bans Syrians Indefinitely,“ *bbc.com*, 28. janúar 2017, <http://www.bbc.com/news/world-us-canada-38777437> (sótt 14. nóvember 2017).

⁸⁶ CNN, „Trump Administration Announces New Travel Restrictions,“ *cnn.com*, 25. september 2017. <http://edition.cnn.com/2017/09/24/politics/trump-travel-restrictions/index.html> (sótt 2. október 2017).

⁸⁷ Vivian Yee, „Judge Temporarily Halts New Version of Trump’s Travel Ban,“ *New York Times*, 17. október 2017, <https://www.nytimes.com/2017/10/17/us/trump-travel-ban-blocked.html> (sótt 24. nóvember 2017).

⁸⁸ The Guardian, „Trump Travel Ban: US Appeals Court Allows Partial Implementation,“ *theguardian.com*, 14. nóvember 2017. <https://www.theguardian.com/us-news/2017/nov/14/trump-travel-ban-us-appeals-court-allows-partial-implementation> (sótt 15. nóvember 2017).

ferðabannsins frá mars 2017 gerði ýmsar breytingar á hinu upprunalega ferðabanni. Meðal annars var þeirri útgáfu ætlað að taka burt hið algera bann á komu flóttafólks frá Sýrlandi. Tilgangurinn með ferðabanninu hefur samkvæmt ríkisstjórn Trumps verið að draga úr þeirri ógn sem flóttafólk veldur bandarískum ríkisborgurum. Aftur á móti eru sönnunargögn fyrir þessari svokölluðu ógn fá.⁸⁹

Innflytjendastefna ríkisstjórnar Trumps er ströng og skilur ekki eftir mikið svigrúm fyrir málamiðlanir.⁹⁰ Hún endurspeglar einnig ýmis viðhorf *alt-right*. Í nóvember 2016 stuttu eftir kosningar kallaði Richard Spencer eftir stöðvun allra fólksflutninga til landsins næstu 50 ár. Slíkt væri samkvæmt honum nauðsynlegt til að endurbyggja bandarísku þjóðina. Einnig væri þetta grundvallar stefna sem *alt-right* myndi leggja fyrir ríkisstjórn Donalds Trumps.⁹¹ Draumur Spencers hefur ekki enn orðið að veruleika. Hins vegar komast þau stefnumál Trumps sem hér hafa verið nefnd nálægt því að uppfylla þennan draum Spencers. Yfirlýst markmið *alt-right* er að stöðva alla fólksflutninga til landsins til að vernda hina hvítu þjóð frá útrýmingu. Sérstaklega hafa þeir þá staðið gegn komu flóttafólks frá Sýrlandi sem Trump hefur leitast eftir að takmarka. Trump hefur ekki tekist að banna alla fólksflutninga til landsins en hann er þó það besta sem *alt-right* hefur. Einnig ber orðræða hans með sér ákveðna undirliggjandi fordóma gagnvart fólki af mismunandi kynþáttum.⁹² Slíkt er einmitt ríkjandi í orðræðu hvíttra þjóðernissinna og ekki alltaf aðeins undirliggjandi.

3.6 Charlottesville

Eftir að Trump varð forseti lét hreyfingin mikið bera á sér. Árið 2016 voru langflestar samkomur hvíttra yfirráðasinna smáar og fámennar.⁹³ Slíkt var þó ekki lengur raunin eftir kjör Trump. Sumarið 2017 er sérstaklega minnstætt þegar *alt-right* er skoðað en ýmsar fjölmennar samkomur voru haldnar. Ein mótmæli áttu sér stað í Boston í ágúst 2017.

⁸⁹ Leonard Rubenstein, „The Revised US Refugee Ban, Health, and Security,” *The Lancet* 389, nr. 10075 (2017): 1189-90.

⁹⁰ Adam Serwer, „The Nationalist’s Delusion.”

⁹¹ May Bulman, „'Alt-right' founder urges Donald Trump to freeze immigration for 50 years,” *Independent*, 21. nóvember 2016. <http://www.independent.co.uk/news/world/americas/donald-trump-immigration-freeze-richard-spencer-alt-right-50-years-demands-a7429666.html> (sótt 15. nóvember 2017).

⁹² Adam Serwer, „The Nationalist’s Delusion.”

⁹³ J.M. Berger, „What the Next Round of Alt-Right Rallies Will Reveal,” *The Atlantic*, 14. ágúst 2017. <https://www.theatlantic.com/politics/archive/2017/08/the-alt-right-stands-at-a-crossroads/536748/> (sótt 3. desember 2017).

Yfirlýstur tilgangur þeirra var að styðja við málfrelsi bandarísku þjóðarinnar. Sá hópur sem mætti deildi þó ýmsum sjónarmiðum *alt-right*. Mótmælin voru að lokum stöðvuð af hópi fólks sem komið var til að mótmæla mótmælendum.⁹⁴ Sérstaklega má þó nefna hin afdrifaríku mótmæli *alt-right* í Charlottesville, Virginíu í ágúst 2017. Ef kjör Trumps orsakaði aukin áhrif *alt-right* þá sýndu Charlottesville mótmælin fram á hinar miklu hættur sem fylgja hvíttri þjóðernishyggju.

Mótmælin áttu sér stað 11. ágúst 2017 og eru dæmi um átök hugmyndafræði og kynpátta. Hópur um það bil 250 manns, mestmegnis ungra hvíttra karla, héldu mótmæli sem kölluð voru Sameinum hægrið mótmælin (Unite the Right). Þau voru skipulögð af meðlimum *alt-right*, þar á meðal Richard Spencer, og var tilgangur þeirra að sameina hægri hlið stjórnmalanna. Einnig var ætlunin að mótmæla flutningi og eyðileggingu ýmissa kennileita Sambandsríkjanna frá því úr þrælastríðinu, þá sérstaklega flutningi stytta af Robert E. Lee herforingja Sambandsríkjanna í þrælastríðinu.⁹⁵ Mótmælendum mætti stór hópur fólks, margt svart að húðlit, sem var saman komið til að mótmæla mótmælunum. Báðir hópar voru vel vopnaðir þar á meðal með rifla og byssur. Meðal vígorða hinna hvítu þjóðernissinnuðu mótmælenda mátti meðal annars heyra hrópað: „Our blood, our soil.“ „Jews will not replace us.“ og „White lives matter.“⁹⁶

Kveikt var á kyndlum og ekki leið á löngu þar til líkamleg átök hófust. Afleiðingarnar voru eitt dauðsfall og 19 særðar manneskjur eftir að meðlimur *alt-right* keyrði truck sinn í gegnum hóp af fótgangendum.⁹⁷ Ekki er hægt að fullyrða að allir meðlimir *alt-right* hafi verið þangað komnir í þeim tilgangi að láta í ljós kynpáttahatur og fremja ofbeldisverk. Hins vegar er þetta einungis eitt dæmi um þá spennu og átök hugmyndafræði og kynpátta sem sjá má í Bandaríkjunum í dag. Þegar hópur fólks sem byggir sjálfsmynd sína að stórum hluta á útskúfun annarra kemur saman er útkoman yfirleitt átök, hatur og sorg.

⁹⁴ McKay Coppins, „The Far Right’s Day in Boston,“ *The Atlantic*, 19. ágúst 2017. <https://www.theatlantic.com/politics/archive/2017/08/boston-free-speech-rally/537435/> (sótt 3. desember 2017).

⁹⁵ Jacey Fortin, „The Statue at the Center of Charlottesville’s Storm,“ *New York Times*, 13. ágúst 2017. <https://www.nytimes.com/2017/08/13/us/charlottesville-rally-protest-statue.html> (sótt 6. janúar 2018).

⁹⁶ Washington Post, „Recounting a Day of Rage, Hate, Violence and Death,“ *washingtonpost.com*, 14. ágúst 2017. https://www.washingtonpost.com/graphics/2017/local/charlottesville-timeline/?utm_term=.7cba36e59f26 (sótt 1. október 2017).

⁹⁷ Washington Post, „Recounting a Day of Rage, Hate, Violence and Death.“

Stór hluti þjóðernissinna héldu á lofti eldheitum kyndlum. Slíkt hefur töluverða táknræna merkingu en fylkingin minnti á svipaða hópa í sögu þjóðernishyggju 20. aldarinnar. Þá sérstaklega skipulagða hópa Hitleræskunnar, samtaka sem skipulögð voru af Nasistaflokki Þýskalands á valdatíma Adolfs Hitler.⁹⁸ Mótmælunum var einmitt ætlað að líkjast slíkum samtökum á táknrænan hátt.⁹⁹ Annað sem stendur upp úr af því sem heyra mátti hrópað þann dag er hrópið „White Lives Matter.“¹⁰⁰ Erfitt er að mótmæla því þar sem í mannúðlegum skilningi skipta öll líf máli. Hins vegar eru slík hróp einskonar mótsögn við *Black Lives Matter*, öfluga réttindabaráttu sem í dag berst gegn ofbeldi gagnvart svörtu fólki í Bandaríkjunum.¹⁰¹ *Alt-right* settu sig þar með upp á móti samtökum sem reyna að styrkja stöðu svartra í samfélaginu og koma í veg fyrir ofbeldi gegn þeim.

„Our blood, our soil.“¹⁰² Okkar blóð, okkar jörð. Í grein sem Andrew Anglin skrifaði á síðunni Daily Stormer í september 2017 má enn á ný finna þessi tvö orð – blóð-og jörð – sett saman. Þar rekur hann sögu þess hvernig Bandaríkin hurfu frá því að vera hvít þjóð og urðu að þjóð innflytjenda-, skilgreind af hugmyndinni um fjölbreytileika. Þessi þróun er samkvæmt honum gyðingum að kenna. Þeir fjarlægðu hugmyndina um sameiginlegan uppruna og þar af leiðandi sjálfsmynd hinnar hvítu bandarísku þjóðar. Samkvæmt honum getur þjóð ekki verið byggð á hugmynd. Þjóðin er fólkið í landinu og jörðin sem það býr á, blóð og jörð.¹⁰³ Það er því réttlætunlegt að fjarlægja innflytjendur úr samfélaginu og endurbyggja ráðandi stöðu hinnar hvítu bandarísku þjóðar.

Okkar blóð, okkar jörð. Þessi orð sýna með skýrum hætti fram á viðhorf hreyfingarinnar gagnvart fólksflutningum. Hugmyndin er að hinn hvíti kynþáttur sé æðri en aðrir og eigi því skilið allt gott sem er að finna í heiminum. Blóð og jörð eru hér tekin sem samtvinnuð hugtök. Blóðið sem rennur í æðum fólks gefur þeim tilkall til moldarinnar sem liggur undir fótum. Slíkt er mjög einkennandi í hugmyndafræði og orðræðu hvítrar

⁹⁸ Britannica, „Hitler Youth,“ <http://academic.eb.com/levels/collegiate/article/Hitler-Youth/40609> (sótt 1. nóvember 2017).

⁹⁹ Washington Post „Recounting a Day of Rage, Hate, Violence and Death.“

¹⁰⁰ Washington Post „Recounting a Day of Rage, Hate, Violence and Death.“

¹⁰¹ Black Lives Matter, „About,“ *blacklivesmatter.com* (sótt 1. nóvember 2017).

¹⁰² Washington Post, „Recounting a Day of Rage, Hate, Violence and Death.“

¹⁰³ Andrew Anglin, „Jews Officially Handing America Back to the Americans,“ *Dailystormer*, 29. september 2017. <https://dailystormer.ws/jews-officially-handing-america-back-to-the-americans/> (sótt 3. nóvember 2017).

þjóðernishyggju. Sú hugmynd að forfeður fólks og forfeður þeirra hafi byggt þetta land gefur þeim tilkall til jarðarinnar.

3.7 Donald Trump og áhrif Charlottesville

Leiðtogar *alt-right* hafa síðan Donald Trump var kosinn í nóvember 2016 haldið því fram að hann sé þeirra maður. Í ágúst 2017 stuttu eftir Charlottesville hélt Donald Trump samkomu í Phoenix, Arizona. Þar talaði hann gegn fjölmiðlum og öðrum sem hann taldi styðja hreyfingu sem ætlaði sér að saurga sögu Bandaríkjanna. Hreyfingin sem hann á við eru þeir sem hafa reynt að fjarlægja stytur Suður-ríkjanna úr frelsisstríðinu. Richard Spencer hrósaði Trump fyrir þessi orð og hélt því fram að Trump myndi aldrei afneita *alt-right*.¹⁰⁴ Samkvæmt Trump væru hvítir þjóðernissinnar ekki helsta ástæða sundrunar í Bandaríkjunum heldur væru það fjölmiðlarnir sem ljúga að fólki og fara með rangan frétttaflutning. Trump hefur á endanum afneitað þjóðernissinnuðum hópum eins og Ku Kux Klan og ný-nasistum. Hins vegar hefur orðræða hans í garð hópa eins og *alt-right* aldrei borið þá fordæmingu sem búast mætti við af forseta Bandaríkjanna.¹⁰⁵

Leiðtogar *alt-right* og meira að segja Ku Klux Klan viðhalda stuðningi sínum við Trump. Þeir halda því fram að hann sé hinn eiginlegi leiðtogi og sameiningartákn hvítra þjóðernissinna.¹⁰⁶ Tveimur dögum eftir Charlottesville fordæmdi Trump sérstaklega hvíta þjóðernissinna sem tóku þátt í mótmælunum og átökunum sem fylgdu. Orð hans komu þó seint og eftir mikla gagnrýni fyrir að gera slíkt ekki fyrr. Fram að því fordæmdi hann hatur og ofbeldi allra hliða í átökunum.¹⁰⁷ Þrátt fyrir að hafa í raun fordæmt *alt-right* þó seint væri lítur hreyfingin enn á Trump sem bjargvætt hvítu bandarísku þjóðarinnar. Fordæmingin kom seint eftir Charlottesville og það virtist sem hann væri tregur til að gagnrýna suma af sínum mestu stuðningsmönnum.

Trump fordæmdi þó *alt-right* þótt seint væri. Hann var einnig ekki sá eini sem fordæmdi atburðina í Charlottesville. Þeir atburðir vörpuðu svörtu ljósi á þessa hreyfingu

¹⁰⁴ Graham Lanktree, „Trump Rally in Phoenix Gets Thumbs Up from Alt-Right White Nationalist,“ *Newsweek*, 23. ágúst 2017, <http://www.newsweek.com/trump-rally-phoenix-gets-thumbs-alt-right-white-nationalist-653839> (sótt 18. nóvember 2017).

¹⁰⁵ Lanktree, „Trump Rally in Phoenix Gets Thumbs Up from Alt-Right White Nationalist.“

¹⁰⁶ Lanktree, „Trump Rally in Phoenix Gets Thumbs Up from Alt-Right White Nationalist.“

¹⁰⁷ Jacob Pramuk, „Trump Denounces White Supremacists, 'Racist' Violence – Two Days After Deadly Car Attack,“ *CNBC*, 14. ágúst 2017, <https://www.cnbc.com/2017/08/14/trump-denounces-white-supremacists-racist-violence-after-criticism.html> (sótt 18. nóvember 2017).

sem einungis nýlega hafði orðið áberandi í stjórn mála umræðu Bandaríkjanna. Breitbart, fréttasíða af hægri væng stjórn mála, gagnrýndi *alt-right* eftir Charlottesville. Áður hafði Breitbart verið kallað hluti af *alt-right* hreyfingunni en vildi nú ekkert með hana hafa að gera.¹⁰⁸ Hópar sem áður tengdu við samtökin reyndu nú sitt besta til að fjarlægjast þau eftir að í ljós kom að samtökin studdu opinberlega ofbeldi. Þessir hópar eru allir af hægri væng stjórn mála en styðja uppbyggingu Bandaríkjanna sem ríki hinnar hvítu þjóðar að mismiklu leyti.¹⁰⁹ Mótmælin í Charlottesville fóru fullkomlega út um þúfur og kostuðu *alt-right* stuðning og viðurkenningu. Hreyfingin lifir þó enn og það á eftir að koma í ljós hvernig hún mun þróast í framtíðinni.¹¹⁰

¹⁰⁸ Leighton A. Woodhouse, „After Charlottesville, the American Far Right is Tearing Itself Apart,“ *The Intercept*, 21. september 2017. <https://theintercept.com/2017/09/21/gavin-mcinnis-alt-right-proud-boys-richard-spencer-charlottesville/> (sótt 4. desember 2017).

¹⁰⁹ Woodhouse, „After Charlottesville, the American Far Right is Tearing Itself Apart.“

¹¹⁰ Patrick Strickland, „Alt-Right Weakened but Not Dead After Charlottesville,“ *Aljazeera*, 3. október 2017. <http://www.aljazeera.com/indepth/features/2017/09/alt-weakened-dead-charlottesville-170920081948414.html> (sótt 4. desember 2017).

4 Umræða

Orðræða *alt-right* byggir á þeirri forsendu að útrýming hinnar hvítu þjóðar sé í vændum sökum aukinna fólksflutninga til Bandaríkjanna.¹¹¹ Þessi forsenda byggir einmitt á hugmyndafræði sem einkennir hvíta þjóðernishyggju. Hún er sú að til sé einhverskonar hvít þjóð sem eigi að vera ráðandi í samfélaginu.¹¹² Hin hvíta þjóð er þó í rauninni ímyndun ef tekið er mark á kenningum Andersons.¹¹³ Meðlimir hennar munu aldrei einu sinni hitta flesta aðra meðlimi þjóðarinnar. Þrátt fyrir það er talin vera gagnkvæm tenging meðal meðlima.¹¹⁴ Einnig byggir hugmyndin um hina hvítu þjóð á líffræðilegri skilgreiningu á kynþáttum. Kynþættir eru þó í raun samfélagslega mótað fyrirbæri sem aðeins er til í hugum fólks.¹¹⁵ Í ljósi þess er hin hvíta þjóð því í raun ímyndað pólitískt samfélag sem byggð á ímynduðum líffræðilegum einkennum. Ef hin hvíta þjóð er ímyndun er fullveldi hennar það líka. Það leiðir til þess að þjóðin hefur ekkert tilkall til þess landsvæðis, í þessu tilviki Bandaríkjanna, sem hún telur sig eiga yfirráð yfir. Hugmynd *alt-right* um útrýmingu hinnar hvítu þjóðar byggir því á forsendum sem aðeins eru raunverulegar í hugum fólks. Hin hvíta þjóð er ekki raunveruleg en ekki er hægt að útrýma því sem er ekki til.

Samkvæmt talsmönnum *alt-right* er draumur þeirra að byggja Bandaríkin sem ríki hins hvíta kynþáttar.¹¹⁶ Hvít þjóðernishyggja sameinar hugtökin kynþáttur og þjóð og býr til hina ímynduðu hvítu þjóð sem er æðri öðrum. *Alt-right* sækist eftir að framkalla svipaða hluti og vernda hina hvítu sjálfsmynd fólks af evrópskum uppruna í Bandaríkjunum.¹¹⁷ Hugmyndir Andrew Anglin og annarra innan *alt-right* hljóma því mjög kunnuglega. Ekki er í raun um að ræða nýja tegund hvítrar þjóðernishyggju. Frekar mætti segja að þessi tegund hafi þróast út frá hugmyndum sem þegar voru til á nýjum vettvangi netheima. Það hljómar vel í eyrum viðmælenda að kalla hugmynd nýja og frumlega þó raunveruleikinn sé annar. Samkvæmt Anderson reynir einmitt þjóðernishyggja að byggja upp þá ímynd af þjóðinni sem ævafornri þó að sannleikurinn sé annar.¹¹⁸

¹¹¹ Anglin, „A Normie’s Guide to the Alt-Right.“

¹¹² Euronews, „What is White Nationalism?.“

¹¹³ Anderson, *Imagined Communities*, 6-7.

¹¹⁴ Anderson, *Imagined Communities*, 6-7.

¹¹⁵ Eriksen, *Ethnicity and Nationalism*, 5.

¹¹⁶ Taub, „White Nationalism, Explained.“

¹¹⁷ Taub, „White Nationalism, Explained.“

¹¹⁸ Anderson, *Imagined Communities*, 5

Okkar blóð, okkar jörð. Þessi orð birtast víða í orðræðu *alt-right*. Hugmyndin er sú að blóð sem rennur í æðum hins hvíta kynþáttar gefi honum tilkall til landsins. Andrew Anglin notar þessi orð í grein þar sem hann færir rök fyrir því að Bandaríkin hafi orðið að þjóð innflytjenda sökum aðgerða gyðinga. Þeir hafi í raun stolið sjálfsmynd þjóðarinnar.¹¹⁹ Ef horfið er frá tali hans um gyðinga og sekt þeirra í þjófnáði Bandaríkjanna hljómar þetta ekki svo fjarri lagi. Þjóð sem hugtak er yfirleitt skilgreint sem samfélag fólks sem deilir sameiginlegu landsvæði, minningum og sögu.¹²⁰ Sameiginlegt blóð, sameiginleg jörð. „Við“ erum hvít og búum í Bandaríkjunum þar af leiðandi erum við bandaríska þjóðin. Þetta væri ekki svo óraunhæft nema vegna þess að helstu forsendur rökfærslunnar eru byggðar á ímyndun. Hugtökin þjóð og kynþáttur eru bæði ímynduð samfélagslega mótuð fyrirbæri sem eiga sér engan stað í raunveruleikanum. Þjóðernishyggja sjálf býr til hugmyndina um hina hvítu bandarísku þjóð. Ef ekki væri fyrir orðræðu fólks eins og Andrew Anglin væri hún ekki til.

Jafnvel þó hin hvíta þjóð væri raunveruleg þá er ólíklegt að það fólk sem flytur til Bandaríkjanna ár hvert ætli sér að útrýma henni. Slíkar hugmyndir eru í raun endurspeglun á ótta fólks en hugtakið verufræðilegt öryggi á hér vel við. Sjálfsmynd fólks er ógnað af auknum fólksflutningum.¹²¹ Öryggi fólks í huglægum skilningi er raskað. Það finnur fyrir auknum fjölbreytileika samfélagsins og á erfiðara með að finna sér samastað. Til að viðhalda stöðugri sjálfsmynd sækir það í orðræðu þjóðernishyggju.¹²² Ein hlið slíkrar orðræðu er þessi hugmynd um útrýmingu hvítu þjóðarinnar. Sýn fólks á innflytjendur er óstöðug og áhrifahópar í samfélaginu eiga auðvelt með að hafa áhrif á viðhorf fólks.¹²³ Fólk bregst illa við breytingum og finnur fyrir kvíða og óöryggi ef staða þess innan samfélagsins er talin vera í hættu.¹²⁴ *Alt-right* nýtir sér kvíða og óöryggi fólks til að afla sér fylgis með orðræðu sinni sem ýtir undir versta ótta fólks. Sundrung skapast þar af leiðandi í samfélaginu út frá orðræðu þeirra.

¹¹⁹ Anglin, „Jews Officially Handing America Back to the Americans.“

¹²⁰ Triandafyllidou, „National Identity and the 'Other',“ 595.

¹²¹ Podobnik o.fl., „Predicting the Rise of EU Right-Wing Populism in Response to Unbalanced Immigration,“ 2.

¹²² Podobnik o.fl., 2.

¹²³ Esses og Medianu, „Uncertainty, Threat and the Role of the Media in Promoting the Dehumanization of Immigrants and Refugees,“ 519.

¹²⁴ Segi Pardos-Prado, „Framing Attitudes Towards Immigration in Europe: When Competition Does Not Matter,“ 999-1000.

Slíkt er í samræmi við kenningar Gellners en samkvæmt honum kemur þjóðernishyggja á undan þjóðinni. Hún er það sem býr til þjóðina byggða á aðskilnaði sem er nú þegar til staðar.¹²⁵ Hin hvíta þjóð var ekki til fyrr en hvítir þjóðernissinnar sögðu að hún væri til. *Alt-right* eru vissulega ekki þeir fyrstu til að viðhalda þessari ímyndun en þeir eru nýjasta stökkbreyting slíkra hreyfinga. Orðræða um kynþætti hefur löngu verið aðskiljandi afl í heiminum og kynþáttahatur var til staðar löngu fyrir daga *alt-right*. Á sama tíma hræddist fólk innflytjendur og flóttafólk löngu áður en *alt-right* tók að sér að ala á þeim ótta. Orðræða *alt-right* magnar það óöryggi og þann ótta sem er nú þegar til staðar í huga fólks. Það verk er gert auðveldara þar sem aðskilnaður kynþátta er langvarandi vandamál í bandarísku samfélagi. Einnig hefur innflytjendum fjölgað mikið í Bandaríkjunum síðan 1960 sem framkallar enn frekari sundrunu.¹²⁶

Þjóðernissinnar eins og *alt-right* gera fátt betur en að nýta sér þessa sundrunu til að styðja við málstað sinn. Aðgerðir bandarískra yfirvalda endurspeglar á vissan hátt þennan ótta en ferðabann Trumps hefur valdið mikilli ólgu í samfélaginu. Áhrifarík öfl hafa tekið upp málstað *alt-right* en boðskapur hreyfingarinnar virðist í raun vera mun úbreiddari en hreyfingin sjálf. Múslimar og flóttafólk frá Sírylandi eru einn sá hópur sem virðist valda *alt-right* hvað mestum áhyggjum. Andstaða gagnvart þessum hóp endurspeglar einmitt hugmyndir hvítrar þjóðernishyggju.¹²⁷ Það að innflytjendur séu ógn við öryggi fólks er sérstaklega áberandi þegar kemur að Sírylendingum. Trúin að hryðjuverkamenn leynist á meðal þeirra er eitthvað sem *alt-right* getur nýtt sér. Hreyfingin hefur einmitt einbeitt sér mikið að því að stöðva sérstaklega fólksflutninga frá Sírylandi til Bandaríkjanna.¹²⁸

Sírylendingar eru þó lítil raunveruleg ógn við bandaríska borgara. Aðrir hryðjuverkahópar hafa myrt talsvert fleira fólk en þeir íslömsku síðan 2001. Einnig eru líkurnar á því að sírylenskt flóttafólk feli hryðjuverkamenn mjög litlar. Eins og áður kom fram hafa einungis þrjú flóttamenn verið handteknir vegna hryðjuverka í Bandaríkjunum síðustu ár.¹²⁹ Flóttafólk er einmitt á flótta frá ofbeldi og hatri. Það eins og annað fólk leitast eftir öruggu umhverfi laust við hryðjuverk og ofbeldi. Engu að síður viðhalda hópar

¹²⁵ Gellner, *Thought and Change*, 168.

¹²⁶ Census Bureau, „How Do We Know? America’s Foreign Born in the Last 50 Years.“

¹²⁷ Southern Poverty Law Center, „Alt-Right.“

¹²⁸ Southern Poverty Law Center, „Alt-Right.“

¹²⁹ Clark, „Syrian Refugees are Not a Risk to America.“

eins og *alt-right* stefnu sinni að stöðva fólksflutninga frá Sýrlandi til landsins. Þessi stefna myndi í raun ekki auka öryggi bandarískra ríkisborgara svo nokkru nemur. *Alt-right* einbeitir sér þó mikið af því að ala á ótta fólks en óttinn við sýrlenskt flóttafólk er mikill í bandarísku samfélagi

Alt-right er þó á móti öllum fólksflutningum til Bandaríkjanna, ekki bara frá Sýrlandi. Innflytjendur frá Mexíkó og Rómönsku Ameríku eru hluti af því. Staðalímyndir um að slíkir séu ólöglega komnir til að skaða bandarískt samfélag eru áhrifamiklar. Stefnumál Donalds Trump varðandi byggingu veggs á landamærum Mexíkó og Bandaríkjanna endurspeglar staðalímyndir ásamt hugmyndum *alt-right*. Fyrst og fremst er eins og með aðra hópa ólíklegt að ólöglegir innflytjendur frá Rómönsku Ameríku séu komnir til að útrýma hinni hvítu þjóð. Enn fremur hefur þeim fækkað svo um munar. Þetta gerðist áður en Trump komst til valda með sín stefnumál gagnvart fólksflutningum.¹³⁰ Ótti *alt-right* og þeirra sem deila viðhorfum hreyfingarinnar er því á veikum rökum byggður. Færri ólöglegum innflytjendum ætti væntanlega að fylgja minni ótti í samfélaginu gagnvart þeim. Ekki er þó hægt að finna slíkt í orðræðu *alt-right*.

Orðin „við“ og „hinir“ eru táknræn fyrir hugmyndir *alt-right*. Sérstaklega þá fyrir Charlottesville mótmælin í ágúst 2017. Þau endurspegluðu einmitt hugmyndir *alt-right* þegar kemur að kynþáttum og fólksflutningum og sýndu fram á það hversu hættulegar þær hugmyndir eru. Þar birtist svart fólk sérstaklega sem hluti af hinum. Að auki var áhersla lögð á gyðinga sem geta ekki komið í stað hins hvíta kynþáttar. Saga fordóma gagnvart gyðingum er löng og sorgleg og hefur ekki enn verið fullskrifuð. Hróp þjóðernissinna þennan dag endurspegluðu ótta þátttakenda varðandi stöðu sína í samfélaginu. Óttinn við það að fólk af öðru þjóðerni eða trú sé á einhvern hátt markvisst að stefna að því að leysa viðkomandi af hólmi. Eins og áður kom fram getur verufræðilegt óöryggi fólks valdið viðbrögðum sem einkennast af hatri og ofbeldi.¹³¹ Óöryggi einkenndi Charlottesville mótmælendurna ásamt *alt-right* í heild sinni. Óöryggi gagnvart stöðu þeirra í samfélaginu og óttinn við „hina.“ Óttinn við hið óþekkta og það sem koma mun. Það sem koma mun er í þessu tilviki til staðar í hugum viðkomandi. Það er upplausn stöðu

¹³⁰ Pew Research Center, „5 Facts About Illegal Immigration in the U.S.“

¹³¹ Podobnik o.fl., „Predicting the Rise of EU Right-Wing Populism in Response to Unbalanced Immigration,“ 2.

þeirra í samfélaginu sem tekin verður af þeim af fólki af öðrum uppruna. Hvítleikinn sem liggur í hjarta slíkrar orðræðu byggir á hugmyndum um yfirráð og jaðarsetningu annarra.¹³²

¹³² Arciniega, „Diversity and Inclusion and the Rise of the Alt-Right,“ 176.

5 Lokaorð

Fólksflutningar geta ógnað huglægu öryggi fólks og valdið því að það á erfiðara með að skilgreina hver staður þess er í samfélaginu. Fólksflutningar geta því skapað sundrunu í bandarísku samfélagi sem þjóðernissinnaðir hópar geta ýtt undir og notað til að afla sér stuðnings. Þá má sérstaklega nefna hópa sem aðhyllast hvíta þjóðernishyggju. Sú hugmyndafræði byggir á hugmyndum um hina hvítu þjóð og yfirráð hins hvíta kynþáttar. Hún sameinar hugtökin kynþáttur og þjóð sem bæði eru aðskiljandi öfl í samfélaginu.

Alt-right er hreyfing sem aðhyllist hugmyndafræði hvítrar þjóðernishyggju. Helsta stefnumál hennar er að koma í veg fyrir hverskonar fólksflutninga til Bandaríkjanna. Meðlimir *alt-right* telja að slíkt sé nauðsynlegt til að vernda sjálfsmynd fólks af evrópskum uppruna í Bandaríkjunum. Einnig telja þeir að fólksflutningar muni útrýma hinni hvítu bandarísku þjóð en eina leiðin til að koma í veg fyrir það sé að loka landinu.

Alt-right eru ekki þeir einu sem telja fólksflutninga vera slæmt afl í heiminum. Síðustu ár hefur flóttafólki frá Sýrlandi og öðrum löndum fjölgað gríðarlega. Öfl frá hægri hlið stjórnmalanna sem standa gegnum fólksflutningum hafa hlotið aukin áhrif í löndum eins og Frakklandi, Þýskalandi og Ungverjalandi.¹³³ Sérstaklega endurspegla ýmis stefnumál Donalds Trumps, forseta Bandaríkjanna, sjónarmið *alt-right*. Trump hefur einmitt reynt að setja ferðabann sem myndi stöðva alla fólksflutninga frá Sýrlandi og lofað því að byggja múr á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Þessi stefnumál Trumps eru í samræmi við markmið *alt-right* varðandi fólksflutninga. Þó að *alt-right* megi teljast vera öfgahreyfing af hægri kanti stjórnmalanna þá hefur hún fundið ákveðinn hljómgrunn fyrir orðræðu sína. Áhrifamikil öfl í heiminum endurspegla þau sjónarmið en orðræða og boðskapur *alt-right* eru í raun mun útbreiddari en hreyfingin sjálf. Því er ekki hægt að einfaldlega stimpla meðlimi *alt-right* sem öfgafólk og setja málflutning þeirra til hliðar.

Forsendur orðræðu *alt-right* varðandi fólksflutninga eru staðalímyndir um innflytjendur, óttinn við upplausn sjálfsmyndar fólks ásamt hugmyndafræði hvítrar þjóðernishyggju. Fólksflutningar birtast sem neikvætt fyrirbæri sem skapar óöryggi og leggur líf fólks og lifibrauð í hættu. Þessar forsendur eru þó í raun ímyndaðar. Þjóðir eru

¹³³ Annabelle Timsit, „'Things Could Get Very Ugly' Following Europe's Refugee Crisis,” *The Atlantic*, 27. Október 2017, <https://www.theatlantic.com/international/archive/2017/10/qa-sasha-polakow-suransky-immigration-europe/543537/> (sótt 19. desember 2017).

ímynduð pólítískt samfélög. Kynþættir eru einnig samfélagslega mótuð fyrirbæri sem einungis eru til í hugum fólks. Þjóðernishyggja elur á hugmyndum um aðskilnað fólks með því að sá frjókornum ótta milli manna. Takist henni ætlunarverk sitt er niðurstaðan enn meiri sundrung en er nú þegar. Hin hvíta þjóð er í raun ímyndun. Þjóðernissinnar eins og meðlimir *alt-right* búa hana til út frá þeirri sundrungu sem er til staðar í samfélaginu á milli hópa. Hún er einungis til í huga þeirra, ekki í hinum raunverulega verufræðilega heimi, og erfitt er að útrýma einhverju sem er eingöngu hugarsmíði.

Alt-right hefur sérstaklega einbeitt sér að innflytjendum frá bæði Sýrlandi og Rómönsku Ameríku. Staðalímyndir um að múslimar komi til Bandaríkjanna til að fremja hryðjuverk og að suður-amerískt fólk komi til að eyðileggja hagkerfi landsins eru áberandi í bandarísku samfélagi. Orðræða *alt-right* varðandi fólksflutninga byggir á slíkum staðalímyndum og ýtir undir útbreiðslu þeirra. Slíkar staðalímyndir um innflytjendur eru þó ekki raunverulegar. Múslimar eru ekki komnir til að fremja hryðjuverk og fólk frá Suður-Ameríku er ekki komið til að setja hagkerfi Bandaríkjanna í hættu. *Alt-right* notar slíkar staðalímyndir og ótta fólks við upplausn sjálfsmyndar sinnar til að afla sér stuðnings. Fólksflutningar eru lítil raunveruleg ógn við bandaríska borgara. Þeir birtast þó sem hentugt tól fyrir hópa eins og *alt-right* til að miðla boðskap sínum og ná til sem flestra. Fólk er nú þegar hrætt við þá sem eru öðruvísi. *Alt-right* notar þann ótta til að ná fram markmiðum og miðla boðskap sínum. Orðræða þeirra varðandi fólksflutninga er því einungis endurspeglun á öfgakenndum hugmyndum sem eru til staðar í bandarísku samfélagi. Það að slíkir hópar öðlist einhvers konar viðurkenningu í pólítískri umræðu skapar frekari sundrung í samfélaginu sem getur aðeins leitt til illis fyrir samfélagið í heild sinni.

Heimildaskrá

- Anderson, Benedict. *Imagined Communities*. 3 útg. New York: Maple Press, 2006.
- Andreasen, Robin O. „Race: Biological Reality or Social Construct.“ *Philosophy of Science* 67, nr. 3 (september 2000): 653-666.
- Anglin, Andrew „A Normie’s Guide to the Alt-Right.“ *Dailystormer*.
<https://dailystormer.ws/a-normies-guide-to-the-alt-right/> (sótt 2. nóvember 2017).
- Anglin, Andrew. „Jews Officially Handing America Back to the Americans.“
Dailystormer. 29. september 2017. <https://dailystormer.ws/jews-officially-handing-america-back-to-the-americans/> (sótt 3. nóvember 2017).
- Alsayegh, Majid. „Muslims in America.“ *Journal of Ecumenical Studies* 51, nr. 2 (vor 2016): 271-276.
- Arciniega, Luzilda C. „Diversity and Inclusion and the Rise of the Alt-Right.“
Anthropology News 58, nr. 1 (janúar 2017): 175-179. Sótt 3. nóvember 2017.
doi: 10.1111/AN.332.
- BBC. „Trump Suspends US Refugee Programme and Bans Syrians Indefinitely.“
bbc.com. 28. janúar 2017. <http://www.bbc.com/news/world-us-canada-38777437> (sótt 14. nóvember 2017).
- Berger, J.M. „What the Next Round of Alt-Right Rallies Will Reveal.“ *The Atlantic*. 14. ágúst 2017. <https://www.theatlantic.com/politics/archive/2017/08/the-alt-right-stands-at-a-crossroads/536748/> (sótt 3. desember 2017).
- Britannica. „Hitler Youth.“ <http://academic.eb.com/levels/collegiate/article/Hitler-Youth/40609> (sótt 1. nóvember 2017).
- Bryan, Bob. „Americans' 'Fear' of Immigration is at its 2nd-Highest Level Ever.“
Business Insider. 29. júní 2016. <http://uk.businessinsider.com/american-immigration-fear-historically-high-2016-6?r=US&IR=T> (sótt 3. desember 2017).

Bulman, May. „'Alt-right' founder urges Donald Trump to freeze immigration for 50 years.” *The Independent*. 21. nóvember 2016.

<http://www.independent.co.uk/news/world/americas/donald-trump-immigration-freeze-richard-spencer-alt-right-50-years-demands-a7429666.html> (sótt 15.nóvember 2017).

Census Bureau. „How Do We Know? America’s Foreign Born in the Last 50 Years.”

https://www.census.gov/library/visualizations/2013/comm/foreign_born.html (sótt 31. október 2017).

Census Bureau. „New Census Bureau Report Analyzes U.S. Population Projections.”

Fréttatilkynning 3. mars 2015. <https://www.census.gov/newsroom/press-releases/2015/cb15-tps16.html> (sótt 31. október 2017).

Center for Immigration Studies. „Immigrants in the United States.”

<https://cis.org/Report/Immigrants-United-States> (sótt 31. október 2017).

Clark, Kelly J. „Syrian Refugees are Not a Risk to America.” *Huffington Post*. 1. febrúar

2017. https://www.huffingtonpost.com/kelly-james-clark/syrian-refugees-and-the-r_b_9111374.html (sótt 15. nóvember 2017).

CNN. „Trump Administration Announces New Travel Restrictions.” *cnn.com*. 25.

september 2017. <http://edition.cnn.com/2017/09/24/politics/trump-travel-restrictions/index.html> (sótt 2. október 2017).

Coppins, McKay. „The Far Right’s Day in Boston.” *The Atlantic*. 19. ágúst 2017.

<https://www.theatlantic.com/politics/archive/2017/08/boston-free-speech-rally/537435/> (sótt 3. desember 2017).

Dictionary. „Globalization.” <http://www.dictionary.com/browse/globalization> (sótt 1.

nóvember 2017).

Dunbar, Mark. „Kill All the Normies: Online Culture Wars From 4chan and Tumblr to

Trump and the Alt-Right.” *The Humanist* 77, nr. 5 (september 2017): 45-46.

- Edelman, Adam. „Trump’s Border Wall Prototypes are Complete. Now What?.” *NBC News*. 28. október 2017.
<https://www.nbcnews.com/politics/immigration/trump-s- border-wall-prototypes-are-complete-now-what-n815106> (sótt 2. desember 2017).
- Encyclopædia Britannica. „Sovereignty.” <https://www.britannica.com/topic/sovereignty> (sótt 6. október 2017).
- Eriksen, Thomas Hylland. *Ethnicity and Nationalism*. 1 útg. London: Pluto Press, 1993.
- Esses, Victoria M., og Stelian Medianu. „Uncertainty, Threat and the Role of the Media in Promoting the Dehumanization of Immigrants and Refugees.” *Journal of Social Issues* 69, nr. 3 (september 2013): 518-536. Sótt 15. nóvember 2017. doi: 10.1111/josi.12027.
- Euronews. „What is White Nationalism?.” *euronews.com*. 14. ágúst 2017.
<http://www.euronews.com/2017/08/14/what-is-white-nationalism> (sótt 7. október 2017).
- Facing History. „“Heil Hitler!”: Lessons of Daily Life.”
<https://www.facinghistory.org/holocaust-and-human-behavior/chapter-6/heil-hitler-lessons-daily-life> (sótt 18. nóvember 2017).
- Fortin, Jacey. „The Statue at the Center of Charlottesville’s Storm.” *New York Times*. 13. ágúst 2017. <https://www.nytimes.com/2017/08/13/us/charlottesville-rally-protest-statue.html> (sótt 6. janúar 2018).
- Futrell, Robert og Pete Simi. „The Unsurprising Alt-Right.” *Contexts* 16, nr. 2 (júní 2017): 76. Sótt 2. nóvember 2017. doi: 10.1177/1536504217714269.
- Gellner, Ernest. *Thought and Change*. 1 útg. London: Weidenfeld and Nicolson: 1964.
- Giroux, Henry A. „White Nationalism, Armed Culture and State Violence in the Age of Donald Trump.” *Philosophy & Social Criticism* 1, nr. 9 (apríl 2017): 887-910.
- Hall, Jacquelyn Dowd. „The Long Civil Rights Movement and the Political Uses of the Past.” *The Journal of American History* 91, nr. 4 (mars 2005): 1233-1263.

- History. „American Revolution History.“ <http://www.history.com/topics/american-revolution/american-revolution-history> (sótt 5. október 2017).
- History. „Civil Rights Act.“ <http://www.history.com/topics/black-history/civil-rights-act> (sótt 10. október 2017).
- Karsen, Fritz. „Some Remarks on the Nazi Philosophy of Education.“ *The German Quarterly* 14, nr. 3 (maí 1941): 135-142.
- Kinnvall, Catarina og Jennifer Mitzen. „An Introduction to the Special Issue: Ontological Securities in World Politics.“ *Cooperation and Conflict* 52, nr. 1 (júlí 2017): 3-11. Sótt 1. nóvember 2017. doi: 10.1177/0010836716653162.
- Kolchin, Peter. „Whiteness Studies: The New History of Race in America.“ *The Journal of American History* 89, nr. 1 (júní 2002): 154-173. Sótt 27. september 2017. doi: 10.2307/2700788.
- Lanktree, Graham. „Trump Rally in Pheonix Gets Thumbs Up from Alt-Right White Nationalist.“ *Newsweek*. 23. ágúst 2017, <http://www.newsweek.com/trump-rally-phoenix-gets-thumbs-alt-right-white-nationalist-653839> (sótt 18. nóvember 2017).
- McMahon, Cian T. „The Pages of Whiteness: Theory, Evidence and the American Immigration Debate.“ *Race & Class* 56, nr. 4 (mars 2015): 40-55.
- Merriam Webster. „Definition of Nazism.“ <https://www.merriamwebster.com/dictionary/Nazism> (sótt 13. nóvember 2017).
- Migration Policy. „Frequently Requested Statistics on Immigrants and Immigration in the United States.“ https://www.migrationpolicy.org/article/frequently-requested-statistics-immigrants-and-immigration-unitedstates?gclid=EAlaIQobChMIWu6Jqqm81wIVLSjTCh17VgEvEAYASA AEgJQ7_D_BwE#CurrentHistoricalNumbers (sótt 13. nóvember 2017).

- Migration Policy. „Syrian Refugees in the United States.“
<https://www.migrationpolicy.org/article/syrian-refugees-united-states> (sótt 14. nóvember 2017).
- Pardos-Prado, Sergi. „Framing Attitudes Towards Immigration in Europe: When Competition Does Not Matter.“ *Journal of Ethnic and Migration Studies* 37, nr. 7 (ágúst 2011): 999-1015. Sótt 31. október 2017. doi: 10.1080/1369183X.2011.572421.
- Pew Research Center. „5 Facts About Illegal Immigration in the U.S.“
<http://www.pewresearch.org/fact-tank/2017/04/27/5-facts-about-illegal-immigration-in-the-u-s/> (sótt 18. nóvember 2017).
- Podobnik, Boris, Marko Jusup, Dejan Kovac og H.E. Stanley. „Predicting the Rise of EU Right- Wing Populism in Response to Unbalanced Immigration.“ *Complexity* 2017 (2017): 1-12.
- Pramuk, Jacob. „Trump Denounces White Supremacists, 'Racist' Violence – Two Days After Deadly Car Attack.“ *CNBC*. 14. ágúst 2017.
<https://www.cnn.com/2017/08/14/trump-denounces-white-supremacists-racist-violence-after-criticism.html> (sótt 18. nóvember 2017).
- Rubenstein, Leonard. „The Revised US Refugee Ban, Health, and Security.“ *The Lancet* 389, nr. 10075 (mars 2017): 1189-90.
- Schwartz, Stephen A. „America’s White Supremacy Crisis.“ *The Journal of Science and Healing* 13, nr. 5 (september 2017): 293-297.
- Serwer, Adam. „The Nationalist’s Delusion.“ *The Atlantic*. 20. nóvember 2017.
https://www.theatlantic.com/politics/archive/2017/11/the-nationalists-delusion/546356/?utm_source=atltw (sótt 3. desember 2017).
- Sked, Alan. „Race in America: From Civil War to Civil Rights.“ *Journal of Contemporary History* 49, nr. 2 (apríl 2014): 440-453. Sótt 27. september 2017. doi: 10.1177/0022009413516921.

- Southern Poverty Law Center. „Alt-Right.“ <https://www.splcenter.org/fighting-hate/extremist-files/ideology/alt-right> (sótt 14. nóvember 2017).
- Strickland, Patrick. „Alt-Right Weakened but Not Dead After Charlottesville.“ *Aljazeera*. 3. október 2017. <http://www.aljazeera.com/indepth/features/2017/09/alt-weakened-dead-charlottesville-170920081948414.html> (sótt 4. desember 2017).
- Taub, Amanda. „White Nationalism, Explained.“ *New York Times*. 21. nóvember 2016. https://www.nytimes.com/2016/11/22/world/americas/white-nationalism-explained.html?_r=0 (sótt 7. október 2017).
- The Guardian. „Trump Travel Ban: US Appeals Court Allows Partial Implementation.“ *theguardian.com*. 14. nóvember 2017. <https://www.theguardian.com/us-news/2017/nov/14/trump-travel-ban-us-appeals-court-allows-partial-implementation> (sótt 15. nóvember 2017).
- Tichenor, Daniel. „The historical Presidency: Lyndon Johnson’s Ambivalent Reform: The Immigration and Nationality Act of 1965.“ *Presidential Studies Quarterly* 46, nr. 3 (september 2016): 691-705. Sótt 28. október 2017. doi: 10.1111/psq.12300.
- Timsit, Annabelle. „'Things Could Get Very Ugly' Following Europe's Refugee Crisis.“ *The Atlantic*. 27. október 2017. <https://www.theatlantic.com/international/archive/2017/10/qa-sasha-polakow-suransky-immigration-europe/543537/> (sótt 19. desember 2017).
- Triandafyllidou, Anna. „National Identity and the 'Other'.“ *Ethnic and Racial Studies* 21, nr. 4 (janúar 1998): 593-612.
- Vox. „What the Alt-Right Actually Wants from President Trump.“ *vox.com*. 28. nóvember 2016. <https://www.vox.com/world/2016/11/28/13716038/alt-right-policy-platform-trump> (sótt 18. nóvember 2017).
- Washington Post. „Recounting a Day of Rage, Hate, Violence and Death.“ *washingtonpost.com*. 14. ágúst 2017. https://www.washingtonpost.com/graphics/2017/local/charlottesville-timeline/?utm_term=.7cba36e59f26 (sótt 1. október 2017).

- Williams, Rhys H. „Immigration and National Identity in Obama’s America: The Expansion of Culture-War Politics.“ *Canadian Review of American Studies* 42, nr. 3 (janúar 2012): 322-346.
- White House. „Trump Administration Immigration Policy Priorities.“ Fréttatilkynning 8. október 2017. <https://www.whitehouse.gov/the-press-office/2017/10/08/trump-administration-immigration-policy-priorities> (sótt 2. desember 2017).
- Woodhouse, Leighton A. „After Charlottesville, the American Far Right is Tearing Itself Apart.“ *The Intercept*. 21. september 2017. <https://theintercept.com/2017/09/21/gavin-mcinnis-alt-right-proud-boys-richard-spencer-charlottesville/> (sótt 4. desember 2017).
- Yee, Vivian. „Judge Temporarily Halts New Version of Trump’s Travel Ban.“ *New York Times*. 17. október 2017. <https://www.nytimes.com/2017/10/17/us/trump-travel-ban-blocked.html> (sótt 24. nóvember 2017).

